


Nú eru **KJÖRÍS**
dagar í Hamraborg

HAMRABORG - HAFNARSTRÆTI 7 - Sími 456 3166



ÓRÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Miðvikudagur 26. júní 2002 • 26. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk



„Er ekki skylda að „fíla“ Stones fyrir vestan?“

– sjá viðtal í miðopnu við Skarphéðinn Jónsson, nýráðinn skólustjóra Grunnskóla Ísafjarðar

57 milljónir króna greiddar fyrir þrjú hús við Dísarland í Bolungarvík

21 milljón greidd fyrir stærsta húsið

Eigendur þriggja húsa við Dísarland í Bolungarvík fá alls um 57 milljónir króna fyrir hús sín verði þau tekin eignarnámi. Þetta er niðurstaða matsnefndar eignarnámsbóta sem kunngerð var í dag. Eins og kunnugt er var farið fram á eignarnám þessara húsa til að rýma fyrir snjóflóðavarnargarði sem þar á að rísa. Bolungarvíkurkaupstaður hafði boðist til að kaupa húsin á markaðsvirði, alls um 39,5 milljónir, en húseigendur voru

ósáttir við þær forsendur verðlagningar sem fyrir lágu, það er að segja staðgreiðsluverð með hliðsjón af markaðsverði á húsum í Bolungarvík og í nágrennabyggðarlögum.

Bolungarvíkurkaupstaður rökstuddi sitt mat á verðgildi húsanna með því að benda á lög um varnir gegn ofanflóðum og skriðuföllum þar sem segir að greiðslur úr ofanflóðasjóði skuli miðast við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra eigna í sveitar-

félaginu utan hættusvæða. Að auki taldi bærinn nóg af sambærilegum eignum til í sveitarfélaginu sem húseigendur gætu keypt fyrir andvirði sinna eigna.

Húseigendur vitnuðu aftur á móti í 72. grein stjórnarskrár lýðveldisins, en þar segir að eignarréttur manna sé friðhelgur og engan megi skylda til að láta eign sína af hendi nema almenningsþörf krefji. Til þess þurfi lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir eign-



ina. Einnig bentu húseigendur á að þeir hefðu lagt mikið fé og mikla vinnu í húsin og að brunabótamat þeirra væri mun hærra en markaðsverð.

Matsnefndin komst að lokum að þeirri niðurstöðu að miða skyldi bætur til húseig-

enda við endurstofnverð húsanna að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta. Því skyldi greiða rúmlega 21 milljón fyrir eitt þeirra, tæpar 17 milljónir fyrir annað og rúmar 19 milljónir króna fyrir það þriðja.

SAMKAUP

OPÍÐ:

Virka daga

kl. 09 - 21

Laugardaga

kl. 10 - 21

Sunnudaga

kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP

AUSTURVEGI 2

SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

www.eimskip.is • Sími 456 5500

www.flytjandi.is • Sími 456 5500



Vestfirðir

Mikið um að ekið sé á kindur

Ekið var á kind við Hvilft í Öfundarfirði seint í sunnudagskvöld. Ökumaður bifreiðarinnar sem ók á kindina hafði ekki fyrir því að tilkynna um atburðinn, heldur ók leiðar sinnar og er ófundinn. Vettvangur árekstursins var afar ljótur að sögn lögreglunnar á Ísafirði, þar sem kindin sundraðist í marga hluta við höggið.

Öfundur Jónsson, yfirlög-regluþjónn á Ísafirði, segir að hátt í tuttugu kindur hafi látist það sem af er sumri eftir að ekið hafi verið á þær. „Á hverju sumri verður fjöldi umferðaróhappa á þjóðvegum Vestfjarða þegar ekið er á sauðfé og er þar oftast um að kenna gáleysi ökumanna,“ segir Öfundur.

„Það er nauðsynlegt að ökumenn hægi vel á sér þegar þeir sjá sauðfé framundan, því ávallt má eiga von á því að dýrin taki upp á því að hlaupa yfir veginn á síðustu stundu og þá geta bifreiðar stórskemmt, að ekki sé minnst á slyshættuna sem fylgir.

Laxveiði

Fékk 18 punda hæng í Laugardalsá

Sigurður Sigurðsson (Blóma-Siggi) nældi sér í 18 punda hæng í Laugardalsá um þarsíðustu helgi. Þetta var 98 sentimetra hængur sem tók maðk í Skáfossi og að sögn Sigurðar var fiskurinn ægisterkur og teymdi hann með sér niður í fjöru.

Lax Sigurðar var sá fjórði úr ánni í sumar. Veiði hófst 12. júní og hópurinn sem opnaði ána og veiddi til hádegis 15. júní veiddi þrjá 10 til 12 punda laxa.



Ágúst Gíslason framkvæmdastjóri Ágústar og Flosa ehf. afhendir Guðjóni Stefánssyni, framkvæmdastjóra Samkaupa, blómakörfu í tilefni opunar verslunarinnar.

Samkaup hf.

Glæsileg verslun opnuð í Neistahúsinu

Samkaup opnaði nýja verslun í Neistahúsinu í miðbæ Ísafjarðar á laugardag. Margir af ráðamönnum fyrirtækisins komu vestur af þessu tilefni þ.á.m. Guðjón Stefánsson framkvæmdastjóri, Gísli Gíslason rekstrarstjóri, Ómar Valdimarsson fjármálastjóri og Jón Sigurðsson stjórnar-

formaður. Að sögn Hauks Benediktssonar, verslunarstjóra Samkaupa á Ísafirði, gekk opnunin snurðulaust fyrir sig og hafa viðtökur Ísfirðinga verið mjög góðar.

Fyrsti viðskiptavinur verslunarinnar í nýju húsnæði var Guðjón Finnald Finnogason. Fékk hann ostakörfu að laun-

um. Ekki var Guðjón eini viðskiptavinurinn sem fékk góðgæti þennan daginn, því starfstúlkur Samkaupa gengu um og buðu mönnum sælgæti og morgunkorn. Óhætt er að segja að verslunin sé öll hin glæsilegasta og eigendunum til mikils sóma.

VoiceEra í Bolungarvík

Hallur bjartsýnn á framhaldið

Hallur Hallsson, framkvæmdastjóri VoiceEra í Bolungarvík, er bjartsýnn á framtíð fyrirtækisins og á nú í viðræðum við kanadíska aðila er sýnt hafa mikinn áhuga á raddstýribúnaði fyrirtækisins fyrir fatlaða að því er kemur fram í frétt í DV. Er þar haft eftir Halli að fyrirtækið sé ekki skuldugt utan við lífeyrisgjöld starfsmanna fyrir síðasta mánuð og standi ekki illa, nema að því leyti að lausafé skorti. Í frétt DV segir að verið sé að vinna í endurskipulagningu VoiceEra og haft eftir Halli að sú vinna sé langt á veg komin, en á viðkvæmu stigi.

Hallur kennir lélegum stuðningi við íslensk nýsköpunarfyrirtæki að einhverju leyti um bága lausafjárstöðu VoiceEra og segir að stuðningur við brautryðjendastarfsemi sé mjög lítil á Íslandi miðað við



Hallur Hallsson, framkvæmdastjóri VoiceEra í Bolungarvík.

Það sem gerist erlendis. Það sé meðal annars ástæða þess að til stöðvunar kom eftir að ófyrirséðar tafir urðu á hugbúnaðarþróuninni. „Það vantaði aðeins herslumuninn en ég er verulega vongóður um að við náum þessu aftur á fót,“ segir Hallur í DV, „Við höfum sýnt fram á að þessi búnaður virkar og eru mjög langt komin með að klára þetta.“

Súgandafjörður

Fæddi barn í aftursæti bíls

Sá merkisatburður gerðist kl. 23:15 á mánudagskvöld að barn fæddist í aftursæti bifreiðar í Súgandafirði. Violetta Maria Laskowska, sem búsett er á Suðureyri, fann fyrir hríðum fyrr um kvöldið og hringdu hún og maður hennar, Maríusz Dúda, í vin sinn og báðu um far til Ísafjarðar.

Ekki komust þau lengra en inn miðjan Súgandafjörðinn þar sem þau stöðvuðu bílinn og Maríusz tók á móti barni sínu í aftursæti bílsins. Þá hringdi fólk í sjúkrabíl sem ók vestur og tóku sjúkraflutningamenn við starfi mannsins. Violetta fæddi dreng sem vóg 3485 grömm, eða tæpar 14 merkur, og mældist 52,5 sm að lengd. Barni og móður heilsast báðum vel.



Violetta og drengurinn nýfæddi.

Sérfræðingarnir að sunnan

Á síðustu árum hefur orðið til ný stétt manna, sem grínugir menn hafa gefið samheitið: Sérfræðingarnir að sunnan. Verkefni SAS-manna hafa m.a. falist í gerð hættumats vegna ofanflóða. Hið nýjasta í þeim efnum er hættumat fyrir Ísafjörð og Hnífsdal. Nokkuð sem beðið hefur verið eftir síðan 1995. Má því til sanns vegar færa að með verklokum sé spennu létt af íbúum ákveðinna svæða innan bæjarmarkanna. Of sterkt væri að orði kveðið að verklokin væru hið eina jákvæða við hættumatið. Hinu er ekki að leyndu að sumt vekur undrun og mikla reiði.

Í fyrsta lagi: Í yfir hundrað ára kaupstaðarsögu Ísafjarðar er ekki vitað um snjóflóð í hlífðinni neðan Gleidarhjalla, enda festir þar ekki snjó svo neinu nemi. Talsmaður matsnefndar upplýsti í sjónvarpsviðtali að þarna sé reyndar lítil hætta, en....., en hvað? Hvaða forsendur liggja fyrir matinu á þessum slóðum? Óvissuvísindi? Er hægt að segja til um dvínandi mátt snjóflóðs, í snarbrattri hlíf, með nokkurra metra millibili? (Sbr. C-B-A-hættumat fyrir þetta svæði, líttill hættu!)

Í öðru lagi: Er heil brú í því að þurrka byggðina í Hnífsdal nánast út? Hver er „snjóflóðasaga“ Holtahverfisins?

Í þriðja lagi: Hverjar eru „verstu hugsanlegu aðstæður“? Er viðmiðunin kannski snjóflóðið, sem eyðilagði sumarhúsaþbyggðina í Tunguskógi? Ef ekki. Hverjar eru þá

þessar „verstu hugsanlegu aðstæður“? (Skíðasvæðið á Seljalandsdal er ekki lengur til staðar og því afar ólíklegt að slíkar aðstæður komi upp aftur.)

Í fjórða lagi: Hvað bendir til þess að fólki stafi meiri hætta af búsetu við tilgreindar götur á Ísafirði, en úti í umferðinni!?, en þessa álits sérfræðinga Væðurstofunnar var sérstaklega getið í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins. Hvaða umferð? Í daglegum árekstrum á götum Reykjavíkur? Á malarbornum hálandisvegum? Á einbreiða malbikinu á Steingrímsfjarðarheiði eða á götum Hólmavíkur?

Hvers konar skilaboð eru þetta til þeirra, sem leitt hafa hugann að því að setjast að hér vestra? Fylgir engin ábyrgð svona yfirlýsingu? Hér með er skorað á Væðurstofuna að leggja allar forsendur þessa „útreiknings“ á borðið.

En meðal annarra orða.: eru ofanflóð eina hættan, sem að landsmönnum stæðjar? eru það e.t.v. enn meiri „óvissuvísindi“ sem lúta að jarðskjálftum og eldgosum?

Það vita allir sem búið hafa í námunda við fjöll að snjóór getur runnið til í þeim að vetrarlagi. Steinar skoppa líka niður hlíðar að sumarlagi. Það mælir enginn gegn því, að menn viti hvar vaðið er áður en lagt er í ána. Það verður þó að segjast eins og er að „óvissuvísindi“ nægja ekki sem afsökun fyrir fjölmörgu í hættumati SAS-hópsins fyrir Ísafjörð og Hnífsdal.

s.h.

Frá útgefendum:

Umboðs- aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýllisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Sindri V. Gunnarsson, Holtagötu 11, sími 456 4982. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flat-eyri:** Gunnhildur Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Selma Rut Söfnadóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.

Útgefandi: H-prent ehf. Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • Neffang prentsmiðju: hprent@bb.is • Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, neffang: bb@bb.is • Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson • Bládamenn: Haukur Magnússon, sími 695 8158, neffang: haukur@bb.is, Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, neffang: blm@bb.is • Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, neffang: halldor@bb.is • Fréttavefur: www.bb.is • Lausasöluverð er kr. 200 eintakið m. vsk. • Áskriftarverð er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti

Ísafjarðarbær leggi 61 milljón króna í eflingu mjólkurframleiðslu

Framtíð mjólkurframleiðslu á Vestfjörðum ekki björt

Í greinargerð er Þórarinn Sólmundarson hjá Bygðastofnun vann að beiðni starfshóps um mjólkurframleiðslu á norðanverðum Vestfjörðum og framtíð hennar kemur fram að áætlað er að framkvæmdakostnaður við sértækar aðgerðir til eflingar greinarinnar á Vestfjörðum nemi um 173 milljónum króna. Þórarinn segir í skýrslunni að mikilvægast sé að treysta stöðu mjólkurframleiðslu á svæðinu og rekstur Mjólkursamlags Ísfirðinga til frambúðar með

kaupum á 319.000 lítrum af mjólkurkvóta, byggingu þriggja nýrra fjósa og stækkun og endurbótum á tveimur gömlum.

Gert er ráð fyrir því að 71 milljóna króna lán fái frá Lánasjóði landbúnaðarins, styrkir til verkefnisins nemi um 23 milljónum og afgangurinn, 61 milljón króna, verði lögð fram af Ísafjarðarbæ í teygingu við Bygðastofnun. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tók greinargerðina fyrir á fundi í síðustu viku og fól þá Halldóri

Halldórssyni, bæjarstjóra, að taka þátt í þeim viðræðum sem framundan eru við Lánasjóð landbúnaðarins, landbúnaðarráðuneytið og Bygðastofnun um málið.

Bent er á í greinargerðinni að mjólkurframleiðsla er mikilvæg atvinnugrein á svæðinu og áætlað er að tæplega fjórir tugir Vestfirðinga starfi öllu jöfnu við hana, þar af 10-11 manns hjá Mjólkursamlagi Ísfirðinga. Því sé mikilvægt að beita öllum brögðum til að sporna við neikvæðri þróun

innan greinarinnar þar sem mun ódýrara er að efla og viðhalda störfum sem fyrir eru innan bæjarfélagsins en að búa til ný í stað glataðra.

Að sögn Þórarins er framtíð mjólkurframleiðslu á Vestfjörðum ekki björt og búast má við samdrætti á næstu árum sem muni hafa slæm áhrif á annan landbúnað á svæðinu og þar með alla búsetu verði ekki gripið til aðgerða. Þetta sé tilkomið vegna slæmrar stöðu Mjólkursamlags Ísfirðinga.

Súðavíkurhreppur

Salvar Baldursson áfram oddviti

Á fyrsta fundi nýrrar hreppsnefndar Súðavíkurhrepps var Vigurbóndinn Salvar Baldursson kjörinn oddviti hreppsins fyrir hönd H-listans með þremur greiddum atkvæðum.

Fulltrúar T-lista ungs fólks sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Jón Grétar Kristjánsson hlaut einnig þrjú atkvæði í embætti varaoddvita á fundinum. Á fundinum var einnig kosið í ýmsar nefndir á vegum hreppsins.

Í byggingarnefnd voru kjörnir þeir Óskar Elíasson og Salvar Baldursson af H-

lista og Albert Heiðarsson fyrir hönd T-lista. Félagsmálanefnd hreppsins skipa Ásdís Guðmundsdóttir og Guðmundur B. Ragnarsson fyrir H-listann og Helga Sigurjónsdóttir fyrir T-lista. Í hafnarstjórn sitja nú H-listamennirnir Þráinn Á. Gardarsson og Guðjón Kjartansson en Karl G. Kjartansson fyrir hönd T-listans.

Í fræðslu- og tólmstundanefnd voru þau Valgeir Scott og Ingunn Sturludóttir kjörin fyrir hönd H-lista og Guðný Jónasdóttir er þar á vegum T-lista.

Skrúður í Dýrafirði

Framkvæmdanefndin lögð niður

Ísafjarðarbær og stjórn framkvæmdasjóðs skrúðgarðsins Skrúðs við Núp í Dýrafirði hafa gert með sér samkomulag um varðveislu og rekstur garðsins og undirritað samstarfssamning þar að lútandi. Er þetta gert að tillögu stjórnar framkvæmdasjóðsins, en að hennar sögn reyndist

gamla fyrirkomulagið ekki nægilega vel. Breytingarnar fela í sér að framkvæmdanefnd Skrúðs, sem í áttu sæti þeir Ólafur Helgi Kjartansson, Kristinn Jón Jónsson og Þórir Örn Guðmundsson, er lögð niður og starfssvið hennar færast að fullu til umhverfissviðs Ísafjarðarbæjar.

Í samstarfssamningnum, sem var undirritaður 6. júní sl., segir að tilgangur samstarfsins sé að stuðla að varðveislu Skrúðs og jafnframt tryggja endurnýjun, viðhald og rekstur hans. Ísafjarðarbær mun til þess ráða sérstakan umsjónarmann með garðinum, sem vinnur að viðhaldi

hans í samráði við umhverfissvið bæjarins. Framkvæmdasjóðurinn mun árlega leggja fram fjárframlag til rekstur Skrúðs sem nemur 80% af raunvöxtum sjóðsins, en eigið fé hans var um síðustu áramót tæpar fimm milljónir króna og hafði þá tvöfaldast milli ára.

Hættumat fyrir Ísafjörð og Hnífsdal

Í samræmi við ákvæði laga nr. 49/1997 og reglugerðar nr. 505/2000 hefur verið unnið tillaga að hættumati vegna ofanflóða fyrir Ísafjörð og Hnífsdal. Tillagan liggur nú frammi til kynningar á bæjarskrifstofunni á Ísafirði. Athugasemdum skal skilað til bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar fyrir 20. júlí næstkomandi.

Hættumatsnefnd Ísafjarðarbæjar

LAGERÚTSALAN

LAGERÚTSALAN

OPNAR AFTUR

MIDVIKUDAGINN


26. JÚNÍ

/SAMKAUP/

...gæði og persónleiki!

OPIÐ VIRKA DAGA

KL. 13-18



Stofnunin gerir samninga um bætt dreifikerfi sjónvarpsstöðva

Á föstudag ákvað stjórn Byggðastofnunar að beita sér fyrir uppbyggingu dreifikerfis Sýnar, Skjás eins og Aksjón á Akureyri í samráði við þessi fyrirtæki. Var starfsmönnum Byggðastofnunar falið að undirbúa tillögur um uppsetningu sendanna á stöðum í dreifbýlinu í samráði við fyrrgreind fyrirtæki. Þetta kom fram í ávarpi Kristins H. Gunnarssonar, formanns stjórnar stofnunarinnar, á ársfundum Byggðastofnunar sem hófst í félagsheimilinu í Hnífsdal á föstudag.

Kristinn sagði að innan stjórnar hafa verið til umræðu að undanförun erindi sem varða uppbyggingu dreifikerfis sjónvarps á landsbyggðinni. Stofnunin lánaði fé til fyrirtækis fyrir nokkru sem keypti allmarga senda og hugðist byggja upp sérstakt dreifikerfi fyrir útsendingar sínar. Þau

áform hafa ekki gengið eftir og hefur fyrirtækið verið úrskurðað gjaldþrota. Byggðastofnun á veð í þessum búnaði vegna lánveitingarinnar sem áður var getið.

Á föstudag ákvað stjórnin að eignast viðkomandi senda og beita sér fyrir uppbyggingu dreifikerfis Sýnar, Skjás eins og Aksjón á Akureyri í samráði við þessi fyrirtæki. Stefnir er að því að útsendingarsvæði Aksjón geti náð yfir stærri hluta Eyjafjarðar en nú er og auk þess til Skagafjarðar og Þingeyjarsýslna og Húsavíkur. Norðurljós hf hafa lýst yfir áhuga á samstarfi með því að stækka útsendingarsvæði Sýnar til þessara staða: Reykhólar, Tálknafjörður, Bíldudalur, Flateyri, Suðureyri, Súðavík, Hólmavík, Raufarhöfn, Mývatnssveit, Stöðvarfjörður, Breiðdalsvík, Vík, Kirkjubæjarklaustur auk uppseita Borgarfjarðarsýslu og

Árnessýslu.

„Þá hefur Íslenska sjónvarpsfélagið óskað eftir vörðum við Byggðastofnun vegna stækkunar á dreifikerfi Skjás eins. Þessi ákvörðun stjórnarinnar markar tímamót að mínu viti,” sagði Kristinn.

„Ákveðið er að stofnunin beiti sér með beinum hætti að uppbyggingu dreifikerfis í dreifbýli og bætir búsetuskilyrði fólks á þeim svæðum sem uppbyggingin nær til, bæði með því að stækka útsendingarsvæði stöðva frá Reykjavík og líka hinu að efla sérstaka sjónarvarpsstöð á landsbyggðinni. Hinn valkosturinn í stöðunni var að selja tækin og fá greitt inn á lánin sem hvíla á þeim. Ég er í engum vafa um að þessi ákvörðun samræmist fyllilega því hlutverki Byggðastofnunar að efla byggð í landinu og verður íbúum landsbyggðarinnar fagnaðarefni.”



Stjórnarmenn Byggðastofnunar á fundinum í Hnífsdal.

Í niðurlagi ræðu sinnar á ársfundinum sagði Kristinn H. Gunnarsson formaður meðal annars: „Ég vil að lokum minnst á það sem þegar er opinbert að ég hef ákveðið að

gefa ekki kost á mér til frekari setu í stjórn Byggðastofnunar að sinni. Ég tel það nauðsynlegt til þess að skapa frið um stofnunina og stuðla að því að þeir sem þar starfa, starfs-

menn og stjórn geti einbeitt sér að verkefnum stofnunarinnar. Mínnir hagsmunir eru víkjandi í þessu mati og raunar er það hlutskipti stjórnsmálmannsins að taka að sér hlut-

Tannsmiðjan D.L. á Ísafirði flytur sig um set

„Plássfrekt að smíða tennur“

Tannsmiðjan D.L. ehf., sem starfrækt er af tannsmiðnum Aðalheiði Svönu Sigurðardóttur, flutti nýverið starfsemi sína í nýtt húsnæði á neðri hæð að Urðarvegi 31 á Ísafirði. Að sögn Aðalheiðar var orðið full þröngt um starfsemi í gömlu húsakynnum tannsmiðjunnar við Smiðjugötu og reyndist henni því nauðsynlegt að færa sig um set. „Það er plássfrekt að smíða tennur og til þess þarf mörg stærðarinnar tól og tæki,” segir Aðalheiður. „Einnig kemur til að nýlega voru samþykkt lög sem gera mér kleyft að annast máttökur fyrir gervitannsmíði, sem hingað til hefur

ádeins verið á færi tannlækna, og því þurfti ég nauðsynlega að bæta biðstofu og tilheyrandi við þá aðstöðu sem ég hafði fyrir.“ Aðalheiður segir að Tannsmiðjan D.L. hafi upphaflega verið minnsta tannsmiðja landsins, en fyrstu þrjú árin var hún starfrækt í 12 fermetra herbergi í Smiðjugötu 1. „Ástandið skánaði strax þegar ég tók Smiðjugötu 1a undir starfsemi, því þá tvöfaldaðist plássíð. Nú ber hins vegar aftur svo við að tækin eru farin að þrengja að mér og því var ekkert annað að gera en að flytja enn einu sinni og tvöfalda plássíð á ný,” sagði Aðalheiður Svana Sigurðardóttir í samtali við blaðið.



Aðalheiður ásamt dóttur sinni Bríeti Ósk í nýjum húsakynnum Tannsmiðjunnar D.L. ehf. að Urðarvegi 31. Aðalheiður ásamt dóttur sinni Bríeti Ósk í nýjum húsakynnum Tannsmiðjunnar D.L. ehf. að Urðarvegi 31.



Vidar Konráðsson tannlæknir og Bárður Grímsson, eiginmaður Aðalheiðar voru á meðal gesta í hófinu.



Margt góðra gesta samfagnaði Aðalheiði Svönu eftir flutning Tannsmiðjunnar á nýjan stað.



Hugsáðu næsta leik



Lýsing hf.
www.lysing.is

... kemur fram á blaðinu

SVABUJANÓDDRAUT 22
DIMI 146-1550



Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra flytur ræðu á ársfundinum. Til vinstri við hana er Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvík sem var fundarstjóri.

verk eins og stjórnarformennsku til skamms tíma í senn. Vitað var að ég hefði látið af stjórnarformennsku að afloknum næstu alþingiskosningum að ári hvort sem er.

Ég vil láta það koma ræki-lega fram að ég ekki átt frumkvæði að opinberri umræðu um málefni stofnunarinnar undanfarnar vikur og hef leitast við að gæta hófs í ummælum, lagt ríka áherslu á að ágreiningsefni eigi að leysa innan stofnunar og með því að menn virði hlutverk hvers annars og hef aldrei útilokað möguleika á lausn mála eða samstarfi við nokkurn mann. Ég hef lagt áherslu á eðli stofnunarinnar, lögboðið hlutverk stjórnar og að hún eigi að taka ákvarðanir sem embættismenn eigi að framfylgja hvað sem líður þeirra skoðun á ákvörðun stjórnar. Öðru vísi getur þessi stofnun ekki starfað.

Íminn garð hefur margt verið sagt sem er meiðandi, ósæmilegt og ósatt og til þess

fallið að rýra traust á mér sem stjórnarmálamanni. Ég vænti þess að fólk muni að virkum atvikum hvers máls komast að sanngjarnri niðurstöðu um störf mín.

Ég mun halda áfram að hafa afskipti af byggðamálum og vinna að hagsmunamálum fólks á landsbyggðinni. Ósanngjarnni og óréttlæti eru enn til staðar í ríkum mæli og tækifæri og möguleikar blasa víða við og á þessum akri er mikið verk að vinna ekki hvað síst fyrir mann sem grundvallar skoðun sína á stefnu samvinnu og jafnaðar.

Jón Sigurðsson, fyrrverandi skólastjóri Samvinnuskólans á Bifröst, tekur við af Kristni Gunnarssyni sem stjórnarformaður Byggyðastofnunar. Valgerður hefur jafnframt ákveðið að Aðalsteinn Þorsteinsson yfirmaður lögfræðideildar Byggyðastofnunar gegni starfi forstjóra stofnunarinnar til bráðabirgða. Staðan verður auglýst og nýr forstjóri ráðinn í framhaldi af því.

Héraðsdómur Vestfjarða

Dæmdur fyrir að spilla friðlandi

Liðlega hálfimmugur karlmaður, búsettur í Reykjavík, var á fimmtudag í síðustu viku dæmdur til greiðslu 80.000 króna sektar til ríkissjóðs fyrir Héraðsdómi Vestfjarða, fyrir að hafa spilt friðlandi í hólmanum Arnarstapa í Miðhúsaeyjum í Reykhólahreppi.

Var maðnum gefið að sök að hafa spilt mögulegu arnarvarpi með því að hafa „rekið niður þrjá staura um mannhæðarháa, staðsetta þannig að staurar voru skammt innan við brún stapans beggja vegna og einn staur þar á milli, strengt band á milli stauranna og einnig til hliðar út frá endastaurum í tréhæla í jörðinni,

og með því að fara í land í Hrísey í Miðhúsaeyjum í Reykhólahreppi, sett 4 tréfalir yfir syllu nyrst á eyinni þannig að þær náðu frá klettabrún ofan við sylluna og niður á brún hennar frá öllum hliðum í þeim tilgangi að hindra arnarvarp í arnarlaupum á fyrrgreindum stöðum, og með því raskað hreiðurstað arna og spilt friðlýstum náttúruumhverfi, eins og segir í málshöfundun sýslumanns.

Maðurinn krafðist sýknu. Játti hann því að hafa reist umrædd mannvirki til að koma í veg fyrir arnarvarp, enda ylli varpið sér búsigfum með usla í æðarvarpi. Taldi hann háttsemina ekki varða refsingu.

Ákærði hafði áður verið

sakfelldur fyrir að hafa brot- ið gegn lögum um sinu- brennur og meðferð elds á víðavangi með því að brenna sinu í Arnarstapa, en var þá jafnframt sýknaður af sakargiftum um að hafa raskað hreiðurstað arna með þeirri háttsemi.

Ákvörðun refsingar var þá frestað skilorðsbundið í tvö ár en dómurinn tekinn upp nú þar sem ákærði hélt ekki skilorð.

Við ákvörðun refsingar var litið til þess að ekki var um varanleg spjöll að ræða og auðvelt ætti að vera að koma friðlandinu í samt lag. Dóminn kvað upp Erlingur Sigtryggsson, dómstjóri, að dómfellda fjarstöddum.

Hátíðarhöld í tilefni 150 ára afmæli Ásgeirsverslunar

Mikið um dýrðir í Neðstakaupstað

Mikið verður um dýrðir á vegum Byggyðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði á föstudag í tilefni þess að 150 ár eru nú liðin frá því að Ásgeirsverslun hóf starfsemi þar, en hún var sem kunnugt er langöflugasta verslunar- og útgerðarvir- tæki landsins á sínum tíma.

Í Tjörúhúsinu verður opnuð sýning á sögu Ásgeirsverslunar í máli og myndum, sem Byggyðasafnið setur upp í samstarfi við Héraðsskjalasafnið á Ísafirði og er rækilega studd af Menningarborgarsjóð. Þar verður hægt að líta gamlar myndir af versluninni og muni þaðan, jafnframt því sem greint er skilmerkilega frá

sögu hennar. Um kvöldið fer svo fram hátíðardagskrá í Tjörúhúsinu, en þá verður mikil saltfiskeisla þar sem gestir gæða sér á ljúffengum saltfiskréttum útbúnum af nokkrum vel kunnum matreiðslumönnum. Munu allir réttimír fyrst og fremst samantanda af sölpurrkuðum saltfiskflökum sem liggja nú til þurrkunar í Neðstakaupstað.

Undir borðhaldi leika djassararnir landsþekktu Villi Valli, Tómas R. Einarsson og Páll Torfi Önunndarson ljúfa og seyðandi tóna, en einnig verða margvísleg skemmtiatriði flutt og saga Ásgeirsverslunar gerð ítarleg skil. „Við hér í safninu sem aldrei sefur höf-

um lagt mikið á okkur við að gera sýninguna sem glæsilegasta og ætti enginn að verða svikinn af henni,“ segir Jón Sigurpálsson, forstöðumaður Byggyðasafns Vestfjarða. Aðgangur að matarveislunni kostar kr. 1500 og ættu áhugasamir að hafa hraðar hendur á að tryggja sér sæti þar sem aðeins rúmast um 70 manns í Tjörúhúsinu svo vel sé. Aðgöngumiða er hægt að panta í sínum 456 4419 og 864 2998.

Minningarsýningin um Ásgeirsverslun mun verða uppi í Tjörúhúsinu fram að haustdögum og verður frá og með föstudeginum opin á reglulegum opnunartíma byggyðasafnsins.

Dýrafjarðardagar hefjast á föstudag

Söngur, dans og gleði í þrjá daga

Dýrafjarðardagar hefjast á föstudag og liggur dagskrá hátíðarinnar nú fyrir. Eftir setningu kl. 14 verður boðið upp á ýmsar uppkomur á Þingeyri, en kl. 15:30 hefst keppni kraftajötna sem allir þrjá að bera titilinn „Vestfjarðavíkingurinn“. Klukkan 13:00 á laugardag opnar úti- markaður og verður hann opinn fram undir kvöldmat. Þar munu handverkshópar frá Vestfjörðum selja sinn varning auk þess sem boðið verður

upp á vöflur, kaffi og lifandi tónlist. Ekki er ósennilegt að einhverjir muni ganga þar um í fornum litklæðum og berast á banaspjótum.

Kl. 15:00 á laugardag hefst keppni í marhnútaðorgi. Keppnin mun ætluð börnum yngri en 13 ára, en eflaust verður öllum frjálst að dorga að vild þar sem slíkar veiðar eru enn stjórnlausar. Síðar á laugardag verða alls kyns úti- leikir á Þingeyri, hoppkast- alar og fleira. Um kvöldið

verður svo dansað undir tón- list Hinna glaðbeittu hálf- bræðra.

Á sunnudag verður úti- markaður áfram opin. Kl. 14:00 mæta þeir í Haukadall sem vilja ganga með Þóri Erni Guðmundssyni og nokkrum víkingum um sögu- slóðir Gísla Súrssonar. Klukkan 16:00 verður gangsettur ratleikur og um kvöldmatarleytið verður efnt til pylsuveislu. Þá mun söngkonan Margrét Eir Hjartardóttir skemmta gestum.

Héraðsdómur Vestfjarða

Sekt fyrir að „skalla“ mann í andlitið

Maður á þrítugsaldri var í Héraðsdómi Vestfjarða í síðustu viku dæmdur til greiðslu 40.000 króna sektar auk alls sakarkostnaðar fyrir að hafa veitt öðrum manni högg í heimahúsi í Bolungarvík með þeim afleiðingum að hann fékk skurð og bólgnadi um nef. Ákærði játaði sök og tók fram að hann hefði reitt höggð fram með höfði, það er að segja skallað þolanda.

Ákærði hafði fjórum sinnum á árunum 1994-1997 sætt sektum fyrir brot gegn umferðarlögum og almennum hegningarlögum, en aldrei fyrir líkamsárás. Hæfilegt þótti að dæma manninn til greiðslu 40.000 króna sektar til ríkissjóðs eða sex daga fangelsins verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms.

Sveitarfélagið Árborg

Þrjár Vestfirðingar vilja í bæjarstjórnastólinn

Magnús Kristján Hávarðarson, tölva- og kerfisfræðingur frá Bolungarvík, er einn sautján umsækjenda um stöðu bæjarstjóra sveitarfélagsins Árborgar sem auglýst var nýverið.

Hann skipaði sem kunnugt er fimmta sætið á lista Bæjarmálaráðs Bolungarvíkur í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum, en náði ekki kjöri. Súðvíkingurinn

Hálf d á n Kristjánsson, sem meðal annars hefur starfað sem bæjarstjóri í Hveragerði, sóttist einnig eftir bæjarstjórnastöðunni sem og Ágúst Kr. Björnsson, fyrrverandi sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.



Magnús Hávarðarson.

smáar

Til sölu er 4ra herb. íbúð, stór kjallari með fullri lofthæð. Falleg eign með mikla möguleika. Lát- ið ekki happ úr hendi sleppa. Uppl. í síma 860 7446.

Óska eftir að kaupa bíl á kr. 50-100 þús. Upplýsingar í síma 868 7508.

Til sölu er einbýlishúsið að Sundstræti 39 á Ísafirði sem er 227m² með bílskúr. Uppl. í síma 456 4258 eftir kl. 20.

Til sölu er Toyota HiAce, 4x4, dísel, árg. 1995, 12 manna, ekinn 193 þús. km. Skipti á ódýrari bíl koma til greina. Uppl. í síma 863 3972.

Til sölu er Subaru Legacy, stat- ion, árg. 1998, ekinn 55 þús. km. Aset verð kr. 1.350 þús. Uppl. í síma 867 4956.

Gullhringur með perlum tapað- ist á 17. júní. Finnandi vinsam- legast hafið samband við Brynju í síma 456 5164.

Til sölu er fimm kefla Pfaff overlock saumavél. Vélin er í fullkomnu lagi. Uppl. gefur Dag- rún í síma 456 3888.

Til sölu er Honda Civic árgerð 1990. Fæst ódýrt. Upplýsingar í síma 869 3139.

Til sölu er rauð Subaru Impreza, 2ja lítra, 4x4, árg. 1996. Vetr- ardekk fylgja. Verð kr. 500 þús. Uppl. í síma 898 7698.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78. Séríngangur. Uppl. í sínum 456 3928 og 456 4323.

Hver vill fá gefins tæplega 4ra ára gamlan fallegan, hreinrækt- aðan íslenkan hund? Gæfur, ljúfur og lítið geltinn. Uppl. í sínum 456 3929 og 866 5480.

Til sölu er Camplet Apollo Lux tjaldvagn. Uppl. í síma 456 5481, Guðmundur.

Til sölu er Toyota Corolla Gti, árg. 1988. Mikið endurnýjuð á 16" álfelgum. Upplýsingar í síma 869 5053.

Óska eftir litlum ísskáp, helst mjög ódýrum. Upplýsingar í síma 456 4804.

Knattspyrna

Bí gerði jafntefli við efsta liðið

Boltafélag Ísafjarðar (Bí) gerði 2-2 jafntefli við Reyni úr Sandgerði á Torfnesevelli á sunnudag og náði þar í sitt fyrsta stig í deildinni. Reynir situr í efsta sæti B-riðils þriðju deildar karla og verður jafntefli því að teljast ágætur árangur hjá Bí.

„Ég er ágætlega sáttur, þó ég hefði helst viljað vinna. Við komumst tveimur mörkum yfir, en misstum leikinn svo niður í jafntefli“, segir Haukur Benediktsson, leikmaður og annar tveggja þjálfara meistaraflokks Bí.

Nú er annasamur tími hjá Bí. Í dag tekur liðið á móti Bolvíkingum og má búast við spennandi leik. Á sunnudag tekur liðið svo á móti Gróttu frá Sel- tjarnarnesi. Gróttu sigraði Bí syðra og verður spennandi að sjá hvort Ísafirð- ingum takist að ná fram hefndum. Að leik loknum mun Bí hafa leikið þrjá leiki á einni viku.

„Er ekki skylda að „fíla“ Stones fyrir vestan?“

— spyr Skarphéðinn Jónsson, sem senn tekur við stöðu skólastjóra Grunnskólans á Ísafirði

Skarphéðinn Jónsson tekur á næstunni við stöðu skólastjóra Grunnskólans á Ísafirði, en hann var á vordögum valinn úr hópi þriggja umsækjenda um starfið. Skarphéðinn hefur starfað sem aðstoðarskólastjóri við grunnskólann undanfarin tvö ár. Þangað kom hann frá Grunnskólanum á Hólmavík þar sem hann var skólastjóri um níu vetra skeið. Hann er fjölskyldumaður og á þrjá syni ásamt eiginkonu sinni, Guðríði Guðjónsdóttur, þá Jón Inga og tvíburana Fannar Má og Sindra Þór. Fyrir átti Guðríður dótturina Jóhönnu, sem nú er uppkomin og búsett á Suðureyri við Súgandafjörð. Skarphéðinn segir aðspurður að tilviljun ein hafi ráðið því að hann tók við stöðu aðstoðarskólastjóra á Ísafirði á sínum tíma.

Smærri samfélög og barnaupplendi

„Við hjónin ákváðum að fara frá Hólmavík eftir dvöl þar í hartnær áratug. Þessi ákvörðun átti sér skamman aðdraganda eins og oft vill verða um stórar ákvarðanir. Okkur var farið að langa að breyta til. Málin æxluðust síðan þannig að ég ákvað að slá til og sækja um starf aðstoðarskólastjóra GÍ eftir að það var auglýst og framhaldið er þekkt. Ég þekkti Kristín Breiðfjörð fráfarandi skólastjóra lítilla fyrir, einkum vegna samskipta í Skólastjóraráfélaga Vestfjarða, og kynni okkar stuðluðu m.a. að því að ég sótti um starfið. Kon-

an mín er leikskólakennari og fékk starf á leikskólanum Sólborg hérna á Ísafirði.“

— Ykkur hefur ekkert langað til þess flytjast til enn stærri bæjar eftir níu ár á Hólmavík? „Nei, reyndar komu flestir aðrir staðir en höfuðborgarsvæðið til greina. Aðstæður á landsbyggðinni eru fjölskylduvænni. Við vildum veita börnunum okkar þau forréttindi að fá að alast upp við öryggið sem fylgir smærra samfélagi. Við metum það svo að samfélagið hér sé mun heilbrigðara og barnvænna en gerist í höfuðborginni. Hvað börnin svo kjósa að gera þegar þau eldast er alfarið þeirra mál en við töldum farsælast fyrir þau að fá að alast upp á landsbyggðinni á sínum mótunarár-

um.“

— Var þá aðalatriðið að vera á stað sem hentaði vel fyrir barnaupplendi?

„Já, það má segja það. Ég vil í fyrsta lagi búa þar sem ég tel að sé vel hlúð að börnum, a.m.k. á meðan ég hef eitthvað um það að segja, hvort sem um er að ræða skólamál, íþróttamál eða hvað eina annað. Svo er kostur að samfélagið sé þó það stórt að það sé sjálfu sér nægt varðandi ýmsa grunnþjónustu, þannig að ekki þurfi að fara til Reykjavíkur eftir hverju viðviki. Ísafjarðarbær er það stórt sveitarfélag að hér er að finna alla þá þjónustu sem fólk þarf á að halda dagsdaglega – og þar við bætist öflugt menningarlíf. Hér hefur maður allt við höndina sem þarf til að lifa góðu lífi og mannlífið hér er gott. Það er aðalatriðið.“

Borgarbarn í húð og hár

Skarphéðinn ólst upp í Kópavoginum og bjó þar í góðu yfirlæti hjá foreldrum sínum allt þar til háskólanámi hans lauk. Hann kenndi fyrstu árin eftir útskrift frá Kennaraháskóla Íslands við Selja- og Fellaskóla í Reykjavík en fór fljótt að langa „út í sveit“ og vildi kynna sér landið betur.

„Það blundaði alltaf í mér að fara í sveitina, eða eitthvert út á land. Það er skrytið þar sem ég var það mikið borgarbarn að mér fannst ég kominn í óbyggðir þegar ég var kominn upp fyrir Ártúnsbrekkuna og vildi helst ekki fara lengra. Ég ákvað samt að prófa að

kenna úti á landi á meðan ég væri enn ungur og einhleypur. Þó þorði ég ekki að stíga skrefið til fulls heldur lét mér nægja að fara rúmlega hálf tíma akstur frá borginni til Sandgerðis, þar sem ég kenndi í tvö ár.

Tíminn þar var að mörgu leyti viðburðaríkur. Þar kynntist ég eiginkonu minni sem er ættuð frá Drangsnesi á Ströndum og kannski þess vegna lá leið okkar svo til Hólmavíkur. Hún var þá einstæð móðir með níu ára dóttur. Við rugluðum saman reyntum okkar og brátt stækkaði fjölskyldan.“

Stjórnunarnám og prófastress

Fyrir tveimur árum hóf Skarphéðinn fjarnám í stjórnunarfæði við Kennaraháskólann og situr þessa dagana sveittur við úrlausn verkefna af ýmsu tagi. Ef að líkum lætur mun hann útskrifast á komandi hausti. Skarphéðinn segir stjórnunarnámið samræmast fjölskyldulífi og fullri vinnu bærilega.

„Þegar orrustan stendur sem hæst hjá mér í náminu verður mér stundum hugsað til krakkanna í grunnskólanum og streitunnar sem þau upplifa mörg hver á prófatím- anum“, segir Skarphéðinn,

„Ég hef þreytt þó nokkur prófin um ævina og fæ nánast alltaf fiðring í magann þegar kemur að því að búa mig undir þau. Ég get sagt með nokkurri vissu að maður losnar aldrei almennilega við prófastressið.“

Eitt það skemmtilegasta við

námið segir Skarphéðinn vera að kynnast nýju fólki sem stendur í álíka sporum og hann sjálfur. „Ég hef í tengslum við námið kynnst fjölda fólks víða um land og margt af því vinnur við það sama og ég. Kunningjahópurinn í faglega geiranum, sem ég get leitað til og átt samskipti við í starfinu, hefur stækkað mjög í kjölfar stjórnunarnámsins. Þetta er að mínu mati hreinn aukavinningur fyrir utan faglega þáttinn í náminu.

Svo er hitt, að æ fleiri sveitarfélög krefjast formlegs stjórnunarnáms sem forsendu fyrir ráðningu í stjórnunarskólakerfinu. Ég verð að taka mið af þeirri staðreynd og tryggja mig í sessi hvað þetta varðar. Ég verð að standa jafnfætis öðrum ef ég vil einhvern tímann söðla um og flytja mig um sess“, segir Skarphéðinn, en þvertur þó fyrir að hann hyggi á slíkt á næstunni.

Minnkandi ásókn í skólastjórastöður

Athygli vakti að aðeins þrjár sóttu um stöðu skólastjóra við Grunnskólann á Ísafirði og þótti mörgum sem nokkuð lítil aðsókn væri í starf sem löngum hefur þótt eftirsóknarvert og vel launað. Engu að síður segir Skarphéðinn að kjaramál kunni að ráða nokkru um hve fáir sóttust eftir því að fá stýra Grunnskólanum á Ísafirði.

„Með tilkomu nýlegra kjarasamninga hafa laun kennara hækkað og bilið á milli þeirra og skólastjór- enda hefur að sama skapi

minnkað. Áður fyrr sömdu sveitarfélög oft sérstaklega við skólastjórmenndur og kennara og í sumum tilvikum voru þeir samningar hagstæðir. Í dag mega sveitarfélögin ekki bjóða betur en samningar segja til um, þannig að „kaup- aukasamningar“ meðal skólastjórmennda þekkjast vart lengur.

Þetta er auðvitað afskaplega sérkennileg staða og gæti verið ein af ástæðum þess að kennarar virðast ekki lengur sækjast eins stíft eftir stjórnunarsköllum við grunnskóla landsins og var oft áður. Enda eru ekki allir fúsir að taka á sig aukna ábyrgð ef launin hækka ekki í sama hlutfalli.

Önnur hugsanleg skýring er sú, að skólaárið hefur lengst töluvert frá því sem áður var og er enn lengra hjá stjórnendum en kennurum. Ef skoðaðar eru nokkrar af þeim skólastjórastöðum sem hafa verið auglýstar síðustu mánuði heyrir til undantekninga ef margir hafa sótt um einstakar stöður. Oft eru umsækjendur um „góð brauð“ fremur fáir.“

Lengi á báðum áttum

Þegar hann er spurður hvort að honum hafi komið á óvart að hljóta skólastjórastöðuna dylst ekki að hér er rætt við kennaramenntaðan mann. „Það voru náttúrulega þriðjungslíkur á því að ég hlyti stöðuna þar sem valið stóð á milli þriggja umsækjenda“, segir Skarphéðinn. „Í fullri alvöru, þá bjóst ég ekkert frekar við því. Fræðslunefnd Ísa-

fjarðarbærjar mat alla umsækjendurna hæfa til starfans og því átti ég ekkert frekar von á því að vera ráðinn en hver annar. Ég er þakklátur því trausti sem mér er sýnt með þessu og vona að mér takist að standa undir því.“

– Ákvaðstu strax að sækja um stöðuna þegar fregnir bárust af því að hún myndi losna?

„Nei. Ég var lengi á báðum áttum hvort að ég ætti yfirhöfuð að sækjast eftir þessu starfi og það var ekki fyrr en eftir langa og mikla íhugun sem ég komst að þeirri niðurstöðu að gera það. Að stýra svona stórum skóla er gífurlega umfangsmikið og ábyrgðarmikið starf og ákvörðun um að sækja um slíkt er ekki tekin í skyndi. Eitt af því sem auðveldaði mér ákvarðanatökuna nokkuð var mikil og góð hvatning frá ýmsu starfsfólki skólans, eins klisjukennt og það kann nú að hljóma. Svo hef ég auðvitað mjög gott samstarfsfólk sem er ómetanlegt og veitir mikið öryggi.“

Hollt að skipta um starf öðru hvoru

Skarphéðinn tekur við skólastjórástöðunni af Kristni Breiðfjörð Guðmundssyni, sem hefur verið ráðinn skólastjóri við Foldaskóla í Reykjavík. Kristinn hefur verið róm- aður fyrir störf sín við grunnskólann síðustu sjö árin og vilja margir þakka honum þær framfarir er orðið hafa í skólastarfi GÍ undanfarin ár. Aðspurður segir Skarphéðinn að vissulega hafi náðst góður árangur í grunnskólamálum Ísafirðinga síðustu árin.

„Ég held að það sé öllum ljóst að Kristinn er afskaplega hæfur skólastjórnandi. Það er mikill fengur fyrir Reykjavíkinga að fá hann í sínar raðir. Hann var búinn að starfa lengi sem skólastjórnandi áður en hann hóf störf á Ísafirði og er búinn að sækja sér menntun hérlendis sem erlendis.“

– Það hefur ekki alltaf verið friður í kringum skólamálin í Ísafjarðarbæ í þau sjö ár sem Kristinn hefur starfað hér sökum umræðu um skólann og húsnæðismál hans...

„Það er rétt. Þá sögu þekki ég lítið en ég held að hann hafi sýnt það og sannað, oft við erfiðar aðstæður, að hann er afar flinkur og mikill fag- maður. Ég hefði persónulega mjög gjarnan viljað að hann hefði verið hér áfram við störf. En skólastjórarstarfið er eins og áður sagði erilsamt, ekki síst í svona stórum skóla, og það er hverjum manni hollt að breyta til með nokkurra ára millibili.“

Þegar ég sagði skilið við Grunnskólann á Hólma- vík eftir níu ára starf skildi ég að eigin mati eftir gott bú og hefði sjálfsagt getað haldið því í horfinu í einhver ár til viðbótar. Kannski var orðið tímabært að gefa nýju fólki tækifæri til þess að setja sitt mark á skólann. Ég var ef til vill búinn að skila því sem ég hafði til að skila.“

– Heldur þú að Kristinn hafi

ef til vill átt í einhverjum svipuðum vangaveltum?

„Ég veit það ekki, en sem stjórnandi þarf maður að vera vakandi fyrir því að endurnýja sig, hvort sem það er fólgið í því að afla sér aukinnar menntunar eða að breyta um starfsvettvang öðru hvoru. Eftir á að hyggja hafði það mjög góð áhrif á mig að breyta til líkt og ég gerði og komast í allt öðruvísi umhverfi. Það sama á við um konuna mína, sem vann í nokkurs konar fag- legri einangrun. Svo er hæfi- leg endurnýjun starfsfólks öllum skólum og vinnustöðum almennt verulega holl.“

Heilmiklar breytingar í vændum

– Hyggur þú á einhverjar breytingar í skólastarfinu þegar þú tekur við stjórn?

„Mannaskiptum fylgja alltaf einhverjar breytingar, hvort sem lagt er upp með þær eður ei. Burtséð frá öllu slíku, þá eru heilmiklar breytingar í aðsigi hjá Grunnskólanum á Ísafirði. Nú á næstunni verða birtar niðurstöður í hugmynda- samkeppni um framtíðarhúsnæði skólans og þá mun hefjast nýr kafli í sögu skólans. Menn náðu samkomulagi um ákveðnar forsendur varðandi skólahúsnæðið og samkeppnin var háð með þeim formerkjum. Hvort sem menn eru sáttir við þessar forsendur eða ekki er þetta mál sem verður að leggja til hliðar. Ákvörðun var tekin og nú er að snúa bókum saman og vinna í takt við þá tillögu sem okkur hugnast best.“

Ég tel að það sé vilji og ætlan ráðamanna hér í bæ að leggja fram þá peninga sem þarf til þess að byggja upp í samræmi við verðlaunatillöguna. Ég verð að viðurkenna að ég hlakka verulega til þess að sjá hana. Ég sé fram á annasaman tíma næstu ár við að láta skólastarfið rúlla með eðlilegum hætti á meðan framkvæmdir standa yfir, þar sem slíku fylgir yfirleitt nokkur röskun.

Ég þarf annars ekki að hafa miklar áhyggjur af því að lenda í miklum vandræðum í starfinu, því að Grunnskólinn á Ísafirði hefur til að bera verulega gott starfsfólk, fullt af stolti, metnaði og eldmóði. Starfsfólk sem er tilbúið að gera hvað sem þarf til þess að vinna skólanum sínum gagn.“

Heilbrigð samskipti eru áhrifaríkasta vímuvörnin

Starf Skarphéðins sem aðstoðarskólastjóri hefur að hans sögn mest verið fólgið í umsjón með miðstiginu, þ.e. skipulagsmálum 4.-7. bekkjar, einnig málefni sérdeildarinnar og margt fleira, að ógleymsdu ýmsu dægurþrasi á borð við tilfallandi forföll.

Þegar taka þarf nemendur föstum tókum og skamma þá vegna brottrekstra úr tímum eða óknytta hefur stundum komið í hlut Skarphéðins að



sinna því.

„Það er samt blessunarlega lítið um að nemendur hagi sér á þann máta að þurfi að skamma þá. Því er ég feginn, enda hef ég miklu meira gaman af því að hrósa þeim fyrir vel unnin störf en að þurfa að aga þá til. Vissulega koma tilfelli þar sem þarf að beita aga, en þeim hefur farið mikið fækkandi í seinni tíð“, segir Skarphéðinn.

„Við megum þó ekki gleyma því að það eru gerðar miklar kröfur til ungs fólks þessa dagana og það getur hreinlega brostið undan álaginu. Á unglingsárunum verður félagahópurinn æ sterkari áhrifavaldur og þá freistast margir í óreglu ýmiss konar. Til allrar hamingju sýna kannanir að staða mála varðandi vímuefnaneyslu er mjög góð hjá okkur í samanburði við marga aðra staði og það er heilmikið verkefni fyrir okkar samfélag að viðhalda því. Að mínum dómi er áhrifaríkasta vímuvörnin sú að samskipti foreldra við börn sín séu mikil og góð. Skólinn getur stutt við gott starf sem unnið er á heimilunum en ekki tekið ábyrgð á því.“

Ég held samt að almennt séð hafi flestir krakkar til að bera heilbrigða skynsemi. Og þótt þau vilji vera meðtekin af félagahópnum, sem er sérstaklega mikilvægt á unglingsárunum, geta flestir greint muninn á réttu og röngu. Við megum ekki einblína á neikvæðar hliðar hjá börnum og unglingum og verðum að passa okkur á því að draga ekki upp ýkta mynd af því sem fyrir augu ber þegar litið er til þessa aldurshóps. Hér á Ísafirði eru krakkar að gera fullt af góðum og jákvæðum hlutum. Það nægir að nefna félagsmiðstöðina hér og Gamla Apótekið að ógleymsdu íþróttafélögum og fleiri aðilum því máli til stuðnings. Þar starfa krakkarnir að heilbrigðum áhugamálum með góðum árangri og því verður að hlúa vel að, í stað þess að einblína á slæmu hliðarnar.“

Fær sér kannski nýjan Saab

Milli þess sem hinn 43 ára gamli Skarphéðinn Jónsson starfar að skólamálum, stundar fjölskyldulíf og sinnir stjórnunarnáminu, kveðst hann ekki hafa mikinn tíma til tómstundaiðkana og segist

hafa fá áhugamál utan fjölskyldunnar. „Ég er þó mikill tónlistaráhugamaður frá fyrri tíð og hef sérstakt dálæti á David Bowie hinum enska. Ég hef fylgt honum eftir í tæp þrjátíu ár og bið einmitt í ofvæni eftir væntanlegri plötu frá honum sem nefnist „Heathen“ og er sögð taka fram því besta sem hann hefur gert um árabíl.“

Pink Floyd og Led Zeppelin eru einnig í miklu uppáhaldi og þar sem það virðist vera skylda fyrir opinbera starfsmenn á Ísafirði að „fla“ Rolling Stones er ég þar ekki undanskilinn. Mér finnst fátt betra en að halla mér aftur við lok vinnudagsins og hlýða á góða rokkmúsík. Ég hef og ákaflega gaman af lestri góðra bóka og þá verður nóbelskaldið Halldór Laxness oftast fyrir valinu að öðrum ólöstuðum. Hins vegar hefur fagurbókmenntum verið ýtt nokkuð til hliðar vegna námsbókanna undanfarin ár, en vonandi verður breyting á því þegar ég útskrifast loksins“, segir Skarphéðinn.

Hann segir aðspurður að hann horfi í meðallagi mikið á sjónvarp og taki sínar tarnir við glápið líkt og flestir Íslendingar. Bandaríska skólaláttinn Boston Public, sem sýndur er á Skjá Einum, segist Skarphéðinn örsjaldan hafa séð, en honum virðist hann þó vera ágætur án þess að gefa á nokkurn hátt raunsanna mynd af raunverulegu skólastarfi. „Ég held að þetta sé varla svona í Grunnskólanum á Ísafirði, án þess að ég vilji fullröða neitt um það“, segir Skarphéðinn. „Mér virðast þessir þættir frekar snúast um einkalíf kennaranna en samstarf þeirra við nemendur og á því kannski erfitt með að samsvara mig þeim.“

Á yngri árum var tilvonandi skólastjóri mikill áhugamaður um bifreiðar. Hann hefur að mestu lagt það áhugamál til hliðar eftir því sem árin hafa liðið enda bíladella á háu stigi yfirleitt ekki talin sæmandi kennurum, hvað þá skólastjórum. „Ég horfi nú samt langeygður ef flottir bílar renna hjá. Draumabíllinn minn hefur alltaf verið Saab og ég hef átt nokkra slíka gegnum tíðina“, segir Skarphéðinn og tekur ekki fyrir að hann fái sér nýtt eintak í framtíðinni. „Kannski kominn tími til þess að dusta rykið af bíladellunni?“



Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

Laus störf

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra óskar eftir að ráða starfsfólk í eftirtalin störf:

Sumarflleysingar:

Starfsfólk vantar í vaktavinnu á sambýli sem geta hafið störf strax í byrjun júlí og í byrjun ágúst. Starfshlutfall er breytilegt milli mánaða. Umsóknarfrestur er til 29. júní.

Störf til lengri tíma:

Hæfingarstöðin Hvesta: Stuðningsfulltrúi í 100% starf frá 15. ágúst. Stuðningsfulltrúi í 40% starf frá 1. september.

Sambýli: Stuðningsfulltrúa í 20% og 35% starf frá 1. september. Stuðningsfulltrúa í 60% starf frá 1. september. Umsóknarfrestur er til 15. ágúst.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 456 5224 á skrifstofutíma. Þar er einnig hægt að nálgast umsóknareyðublöð.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Móttaka Endurvinnslunnar í Bræðratungu

Móttaka Endurvinnslunnar í Bræðratungu verður lokuð sem hér segir:

Frá 1. júlí til 8. ágúst 2002. Við opnum aftur fimmtudaginn 8. ágúst kl. 17:00.

Nú er um að gera að drífa sig með dósirnar áður en lokað verður. Síðasti opnunar- dagur er fimmtudaginn 27. júní frá kl. 17:00 til 20:00.

HEILBRIGÐISSKIPUNIN Í SAFJARÐARBÆ

Blóðþrýstingsmæling og ráðgjöf

Blóðþrýstingsmæling og ráðgjöf hjúkrunarfræðings er á heilsugæslustöð HSÍ þér að kostnaðarlausu, fyrsta mánudag hvers mánaðar frá kl. 17-19.

Mælingin hefst mánudaginn 1. júlí nk.

Auk þess er boðið upp á blóðþrýstingsmælingu alla virka daga milli kl. 14 og 16 eins og áður.

Allir velkomnir! Engin tímapöntun!

Lausafé til sölu

Til sölu er lyftari, smíðvélur, verkfæri, timburafgangar o.fl. úr þrotabúi S.I. Péturssonar ehf., Flateyri.

Eignirnar verða til sýnis í húsnæði því sem félagið starfaði í á Flateyrarodda, föstudaginn 29. júní nk. frá kl. 17:00 til 18:30.

Tilboðum í eignirnar, hverja um sig eða í heild, skal skilað til undirritaðs skiptastjóra í þrotabúinu að Silfurtorgi 1, Ísafirði.

Arnar G. Hindrisson, hdl., skiptastjóri.

Samkaup hf. veitir veglega styrki

Fjögur félög fengu 150 þúsund krónur hvert

Samkaup hf. veitti á föstudag, veglega styrki til íþrótt- og menningarfélaga á Vestfjörðum. Var þetta gert í tilefni af flutningi verslunar fyrirtækisins á Ísafirði í nýtt húsnæði í Neistahúsinu. Það var Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Samkaupa sem afhenti styrkina við athöfn á Hótel Ísafirði. Ungmennafélag Bolungarvíkur, Boltafélag Ísafjarðar, Edinborgarhúsið og Skróður fengu hvert um sig 150.000 krónur að gjöf frá Samkaupum.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Samkaup styrkja góð málefni vestra, því þegar verslunin opnaði á Ísafirði fyrir rúmum fimm árum voru Körfuknattleiksfélagi Ísafjarðar og Íþróttafélaginu Ívari veittir sams konar styrkir.



Jón Sigurðsson afhendir Jóni Sigurpálssyni styrk Edinborgarhússins.

Árlegur Jónsmessudansleikur á Ingjaldssandi

Ýmsir fararskjótar notaðir til að komast á ballið

Jónsmessudansleikur var haldinn í fjárhúsunum í Hrauni á Ingjaldssandi á laugardagskvöld. Hestaleigan Hraun og vinafélag Ingjaldssands stóðu fyrir ballinu, en fjárhúsunum í Hrauni hefur verið breytt í danssal og minjasafn. Menn notuðu ýmsa fararskjóta til að komast á Sandinn, sumir óku, aðrir flugu og um tuttugu manns riðu frá Holti í Önuðarfirði.

Til stóð að hljómsveitin Short Notice myndi leika fyrir dansi, en einn hljómsveitarmedlimur þurfti að fara á sjó með stuttum fyrirvara, og má því segja að hljómsveitin hafi staðið undir nafni. Það kom þó ekki að sök, því Birkir Þór Guðmundsson, fyrrverandi rokkbóndi, fyllti í skarðið með



Ánægjulegir endurfundir á Ingjaldssandi.

miklum sóma.

Áður en dansleikurinn hófst gerðu menn sér margt til dundurs. Riðið var um héraðið og

leikið á harmonikku. Þá var grillað, kveikt bál og haldinn dansleikur fyrir börnin. Þegar þeim hafði verið komið í rúm

steig fullorðna fólkið dans fram á rauða nótt. Allt fór þetta vel fram í góðu veðri á Ingjaldssandi.

Byggðastofnun

Ein og hálf milljón í styrki

Á stjórnarfundum Byggðastofnunar sem haldinn var í Bolungarvík á fimmtudag í síðustu viku var ákveðið að veita tvær styrkveitingar að fjárhæð 1,5 milljónir króna. Leið ehf., sem vinnur að atvugunum á mögulegum vegstytingum frá Vestfjörðum til Reykjavíkur, fékk eina milljón króna, og Náttúru-

stofa Vestfjarða fékk hálf milljón.

„Byggðastofnun hefur haldið stjórnarfundum vítt og breitt um landið og hefur það verið viðhorf stjórnarinnar að skilja eitthvað áþreifanlegt eftir á hverjum stað“, sagði Örlygur Hnefill Jónsson, einn stjórnarmanna við blaðið.

Fasteignaviðskipti

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 - Ísafirði
Símar: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4547 - Netfang: tryggvi@snorpa.is
Helmasíða: www.bb.is/tg

Hlíðarvegur 33: 79,1 m² íbúð á neðri hæð í fjölbýlishúsi ásamt góðum bílskúr. Verð 6,9 m.kr.
Hlíf II - Torfensli: 62,5 m² 2ja-3ja herbergja íbúð á jarðhæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð 7,1 m.kr.
Pólgata 6: 55 m² risibúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Verð 3,9 m.kr.
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólf-flötur, mikið rými í risi). Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ötrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.
Stórholt 9: 80,9 m² góð íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og sameign. Áhv. ca. 2,4 m.kr. Verð 5,3 m.kr.
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægrí í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mögu-leiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,5 m.kr.
Urðarvegur 49: 102,5 m² kjallara-íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Tilboð óskast

2ja herbergja íbúðir:
Mjallargata 1: 67,9 m² íbúð í góðu standi á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Áhv. ca. 3,6 m.kr. Verð 6,5 m.kr.
Túngata 18: 53,4 m² íbúð á 1. hæð í nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4 m.kr.

Súðavík:
Alfabyggð 3: 130,2 m² nýtt og glæsilegt einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr, sólstofu og tveimur sólpöllum. Verð 11,5 m.kr.

Suðurevri:
Hjallavegur 11: 138,2 m² einbýlishús á einni hæð. Verð 3 m.kr.

Bolungarvík:
Hlíðarstræti 6: 113 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Tilboð

Atvinnuhúsnæði:
Sindragata: veiðafærageymsla, tvö bíl, harðsteypt gólf, heitt og kalt vatn og hiti. Tilboð óskast

3ja herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 38: 3-4ra herbergja íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. Verð 4,5 m.kr.

www.bb.is/tg

Uppreisn Byggðastofnunar?

Ársfundur Byggðastofnunar er lokið. Af því tilefni er fróðlegt að rifja upp að Ísafjörður hefur stundum skipt sköpum í sögunni og nægir þar að rifja upp hin hörðu pólitísku átök er tengdust Skúlamálum Thoroddsen vel fyrir þar síðustu aldamót. Ljóst er að örlög Skúla og breytingar á skipan sýslumanns og bæjarfógeta urðu stór þáttur í því hvert örlög og ævi Hannesar Hafstein, eftirmanns hans, stefndu. Heimamenn, alþýða manna og kjósendur, áttu stórt hlutverk þegar eftirleikurinn er greindur með augum eftirkomenda. Ísfirðingar skiptust í fylkingar, fyrst með og á móti Skúla. Þeir sem studdu Skúla urðu um leið andstæðingar valdstjórnarinnar í Reykjavík sem auðvitað var Landshöfðingi öðrum fremur. Skyld er að taka fram að heimamenn eru greindir annars vegar í alþýðu manna og hins vegar í kjósendur af þeirri einföldu ástæðu að örfáir höfðu kosningarétt og afar fáir þeirra voru úr hópi meirihlutans sem vart hafði til hnifs og skeiðar.

Ísafjörður var um fjögurra áratuga skeið fyrir og eftir næst síðustu aldamót mikill uppgangsstaður. Verslun og viðskipti réðu þar mestu og frelsi, að minnsta kosti margra, til þess að veiða, kaupa og selja fiskinn. Hitt væri misskilngur að halda að þeir sem veiddu og seldu kaupmönnum á Ísafirði hafi alltaf verið ánægðir með sinn hlut. Fiskkaupandinn réði venjulega öllu í viðskiptum og kaupmenn greiddu ekki vöru með peningum heldur eignuðust menn innlegg. Vafalaust verður aldrei reynt að beita kaupmenn þeirri aðferð sem Jón Sigurðsson frelsishetja

Íslendinga brúkaði á Dani, að framreikna skuldina við Íslendinga af arðinum er þeir höfðu af þessari kotungþjóð norður í höfum vegna viðskipta og skatta. Kóngurinn varð að greiða á endanum.

Niðurstaða Valgerðar Sverrisdóttur, ráðherra byggðamála, að skipa alnafna frelsishetjunnar, Jón Sigurðsson, hagfræðing, formann Byggðastofnunar reynist vonandi farsæl og Ísfirðingum og öðrum landsbyggðarmönnum til framdráttar. Valgerður á hrós fyrir að hafa leitað út fyrir hóp þingmanna og ítrekað í orðum þrískiptingu ríkisvaldsins. Alþingismenn hafa nokkuð fetað í fótspor Jóns Sigurðssonar frelsishetju og snúið sér að ýmiss konar störfum fyrir stjórnsýsluna. Sú leið hefur þótt áhrifaríki í fylgisleit en að sitja á Alþingi og setja lög, reglur sem marka samfélaginu og athöfnum okkar ramma. Stjórnsýslustússið í bankaráðum, Byggðastofnun, ráðum og nefndum, hefur tafið þingmenn frá þeim skylduverkum sem við kusum þá til. Reyndar hafa margir kjósendur viljað þetta í því skyni að fá tilhlíðun fyrir stuðninginn. Happaðrjúgt hefur þótt að þekkja stjórnarmann í Byggðastofnun ef mikið lá við. Nú hefur meiri partur Íslendinga kosningarétt, en sýslan þingmanna með framkvæmdavaldið hefur villt okkur sýn á störf þeirra og þeim um leið hverjar skyldurnar eru. Nú reynir í fyrsta sinn á klár fagleg sjónarmið. Megi Jón Sigurðsson verða Byggðastofnun og byggðastofnunni drjúgur eftir Ísafjarðarfundinn.

Stakkur skrifar

Netspurningin

Spurt var:

Finnst þér grænmeti hafa lækkað nóg í verði til að geta verið þriðjungur á hverjum disk?

Alls svöruðu 327.
Já sögðu 33 eða 10,09%
Nei sögðu 268 eða 81,96%
Borða ekki grænmeti hvort sem er sögðu 26 eða 7,95%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Lek-mótið á Tungudalsvelli

Sigurður Albertsson Golfklúbbi Suðurnesja sigraði

Sigurður Albertsson frá Golfklúbbi Suðurnesja sigraði örugglega í flokki 55 ára og eldri á LEK-móti sem haldið var á Tungudalsvelli á laugar- dag og sunnudag. Sigurður lék á 157 höggum, en næstur honum kom Alfreð Viktorsson frá Golfklúbbum Leyni sem lék á 171 höggi.

Í þriðja sæti varð síðan Ingi Magnfreðsson, GÍ, á 172 höggum. Ingi var einnig hlutskarpastur þeirra sem léku með forgjöf, fór holurnar á 147 höggum. Þá var Helga Guðjónsdóttir, Golfklúbbi Patreksfjarðar, best kvenna, lék á 194 höggum. Alls voru 33 keppendur á mótinu.

Í flokki 40-54 ára sigraði Vilhjálmur Antonsson frá GÍ á 184 höggum. Í öðru og þriðja sætu urðu þeir Óli Reynir Ingimarsson og Viðar Konráðsson, báðir frá GÍ. Aðalstyrktaraðili mótsins var fyrirtækið Íslensk verðbréf, en auk þess styrkti Golfbúðin Strandgötu í Hafnarfirði mótið.

U m næstu helgi verður haldið Vestfjarðamót á Tungudalsvelli. Vill Golfklúbburinn á Ísafirði hvetja alla vestfirska kylfinga til að skrá sig hið fyrsta.



Sigurður Albertsson, GS sigraði á mótinu.



Jónas Guðmundsson sýslumaður í Bolungarvík mundar kylfuna á mótinu á föstudag. Til hliðar við hann eru Erlingur Sigtryggsson, héraðsdómari, sem sigraði á mótinu, Kristín Jónsdóttir, eiginkona Þórólfs Halldórssonar, sýslumanns á Patreksfirði og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður á Ísafirði.

Héraðs- dómarinn sigraði

Félag lögfræðinga á Vestfjörðum hélt golfmót á föstudag. Í félaginu eru bæði lögfræðingar og löglærðir embættismenn; sýslumenn, skattstjórar, dómara eða alls þrettán þátttakendur. Leiknar voru níu holur í einum opnum flokki og sigraði Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari. Lögfræðingarnir tóku mótið mátulega alvarlega, enda frekar leikið til ánægju en árangurs. Að keppni lokinni var svo haldin matarveisla í golfskálanum.



Jónas Guðmundsson sýslumaður í Bolungarvík horfir til fjalla áður en slær boltann úr sandgryfjunni.

Námufélagar fá
frábær tilboð og
glæsilega
vinninga
með sms skilaboðum
í allt sumar!

Þumalputtaleikur Námunnar

Þú færð Námunnar geta tekið þitt í Dúvalputtaleik Námunnar. Þú tekur þig í þessum frábæra leik á www.landsbankinn.is eða sendir SMS til Landsbankans í þitt þjónustunúmer (147) hjá Teli, 1848 hjá Símanum GSM og Óluggi hjá Símanum.

Þú þarft ekki í Námunni stofnarðu reikning og færð afþreyingu í næsta útibúi Landsbankans í Íslandi. Þú leikst með þú flautu startpáðunum, 2000 kr. innviða og Einkalúbbarkort.

Þú færð þumalputtaleikur þetta sumar. Þú færð tilboð, sem eru aðeins fyrir félagi í Námunni, í sumari þínu þessur í vika.

Þú færð stórglæsilegar vinningar dregin út í sumari Þumalputta, málta fyrir þú á Friday's, ávintýrafétt og ferðirna.

Missu ekki af reini. Skráðu þig strax!

Landsbankinn

helgardagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag: Hæg vestlæg eða breytileg átt og víðast hvar létt-skjáð. Hiti 10-20 stig, hlýjast inn til landsins.
Horfur á föstudag: Hæg vestlæg eða breytileg átt. Lítilsháttar þoku-súld með köflum, einkum við ströndina. Hiti 8-17 stig, hlýjast inn til landsins.
Horfur á laugardag: Fremur hæg breytileg átt. Víða dálítil rigning norðan og austanlands, en annars skjáð að mestu og þurr að kalla. Milt veður.
Horfur á sunnudag: Hæg breytileg átt, skjáð með köflum og þurr að mestu. Hlýtt í veðri.
Horfur á mánudag: Suðlæg átt og víða rigning eða súld. Milt veður.

netið

Margir nota vefinn til þess að sækja sér tónlist á mp3 formi í því skyni að heyra sýnishorn af plötum áður en þær eru keyptar, en með réttu forritunum má nálgast nánast hvaða lag sem er. Eftir að Napster forritið sáluga lagnaðist útaf í kjölfar langra réttarhalda hafa nokkur tekið við hlutverki þess og sjá til þess að tónelskir netverjar hafi eitthvað að hlusta á. Á vefsíðunni **bearshare.com** má nálgast forritið Bearshare, sem vinnur með svokallaðan Gnutella vefþjón, en á **gnotella.com** má einnig nálgast forrit sem vinnur með hann. Kazaa er vinsælt forrit sem gerir notendum sínum kleyft að nálgast bæði hljóð-, myndbanda- og textaskrár sem og forrit í gegnum netið. Það má finna á **kazaa.com**. Audiogalaxy er sennilega einfaldast í notkun af deiliforritunum og eykur stöðugt vinsældir þess vegna, allar upplýsingar um það má nálgast á **audiogalaxy.com**. Þess má geta að netnotandi er um 10 mínútur að sækja 3-5 mínútna langt lag ef miðað er við meðalgóða mótaldsnettengingu, en með ISDN, ADSL og örbylgjutengingum má auka hraðann umtalsvert.



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 28. júní

17.00 Lífskraftur (1:12) (*La kiné*) Franskur myndaflokkur um unga konu sem slasast við klifur í Himalajafjöllum. Eftir að hún nær bata einbeitir hún sér að fagi sínu, sjúkrapjálfun, sem nú er köllun hennar. e.
17.50 Táknafréttir
18.00 Stubbarnir (36:90)
18.30 Falda myndavélin (31:59)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Ævintýri Indiana Jones (4:22)
21.45 Skothylki. (*Full Metal Jacket*) Stríðsmynd frá 1987. Ungir hermenn eru í æfingabúðum og síðan er einn þeirra sendur sem blaðamaður til Víetnam meðan stríðið geisar þar. *Adalhlutverk:* Matthew Modine og Adam Baldwin.
23.40 Gullmótin (1:7) Sjónvarpið sýnir í sumar Gullmótin í frjálsum íþróttum, en þar koma saman til keppni allir bestu frjálssíþróttamenn heims. Fyrsta mótið er á hinum sögufræga velli Bislett í Ósló sem hefur einnig verið vettvangur heimsmeta í millivegalengdarhlaupum og langhlaupum.

02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 29. júní

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
09.02 Stubbarnir (37:90)
09.30 Maja (13:52)
09.37 Albertína ballerína (17:26)
09.45 Lílu skrímslin (52:52)
09.54 Friðþjófur (7:13)
10.23 Krakkarnir í stofu 402 (15:40)
10.25 Hundrað góðverk (2:20)
11.10 Kastljósið
11.30 Hvernig sem viðrar (5:10)
12.00 Skjáleikurinn
15.30 Gullmótin (1:7)
17.55 Táknafréttir
18.05 Forskot (18:40)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Silas frændi (5:6) (*My Uncle Silas*) Breskur myndaflokkur byggður á sögum eftir H.E. Bates, höfundur "The Darling Buds of May". Þættirnir eru í léttum dúr, gerast í enskri sveit snemma á síðustu öld og segja frá tíu ára strák sem fer til sumarvalar hjá karlinum Silasi, og fjórugu lífinu í kringum hann. *Adalhlutverk:* Albert Finney, Charlotte Rampling, Sue Johnston, Lynda Bellingham og Joe Prospero.
20.30 Með storminn í fangið. (*Storm Chasers*) Bandarísk kvikmynd frá 1998 um óveðursfræðing sem er með fellibylji á heilanum eftir að eiginmaður hennar ferst í einum slíkum. Hún er fengin til að rannsaka dularfull óveður í Colorado og kemst að ýmsu einkennilegu. *Adalhlutverk:* Kelly McGillis og Wolf Larson.
22.05 Fallinn engill. (*Fallen*) Lögregluáður í Philadelphiu rannsakar fjöldamorð sem eiga sér óvenjulegar skýringar. *Adalhlutverk:* Denzel Washington, John Goodman og Donald Sutherland.
00.10 Áfram lækni. (*Carry on Doctor*) Bresk gamanmynd frá 1968. Yfir-lækni á sjúkrahúsi kemst í hann krappan þegar sjúklingarnir gera uppreisn og ný hjúkrunarkona verður til þess að blóðþrýstingur karlanna hækka verulega. e. *Adalhlutverk:* Frankie Howard, Sid James, Charles Hawtrey, Kenneth Williams, Jim Dale, Joan Sims, Barbara Windsor og Hattie Jacques.

01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 30. júní

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
09.02 Stígvélaði kötturinn
09.57 Andartappa (14:26)
10.10 Gleymdu leikföngin (11:13)
10.23 Ungur uppfinningamaður
10.45 Svona erum við (11:20)
11.00 Kastljósið
11.20 Hvernig sem viðrar (5:10)
12.10 Tímurmenn (3:8)
12.20 Á hestbaki (4:4)
16.05 Mannsandi (2:4)
17.00 Geimferðin (25:26)
17.50 Táknafréttir
18.00 Pia flýtur
18.15 Umhverfis jörðina
18.30 Haraldur og borgin ósýnilega
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Sigla himinley (2:4) Leikin þáttaröð eftir Þrání Bertelsson sem fjallar um fólk í Eyjum, líf þess og samfélag. e. *Adalhlutverk:* Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Ingvar E. Sigurðsson, Gisli Halldórsson, Vádimar Flygenring og Rúrik Haraldsson.
21.00 Lengdargráður (2:2) (*Longitude*) Bresk úrvalsmynd í tveimur hlutum

byggð á sannsögulegum heimildum um tvo menn. Annar þeirra smíðaði fyrstu klukkuna sem gekk skammlaust á úthöfunum og hinn gerði hana upp 200 árum seinna. *Adalhlutverk:* Michael Gambon og Jeremy Irons.

22.45 Helgarsportíð
23.10 Síðasta kvennabúrið. (*Harem Suare*) Tyrknesk bíómynd frá 1999 um frillu og síðar eiginkonu Tyrkjasöldans sem átti í ástarsambandi við svartan gelding og snerist til varnar fríllunum eftir að soldáninn var flúinn. *Adalhlutverk:* Marie Gillain, Alex Descas, Lucia Bosé og Valeria Golino.
00.40 Kastljósið
01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok




Föstudagur 28. júní

06.58 Ísland í bítið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í finu formi
09.35 Oprah Winfrey (e)
10.20 Ísland í bítið
12.00 Neighbours
12.25 Í finu formi
12.40 Murphy Brown (e)
13.05 Scent of a Woman (Konuilmur) Charlie vantar peninga til að þess að geta farið heim til sín í jólafríinu. Hann tekur því að sér að passa Frank Stade, fyrverandi ofursta úr hernum, yfir þakkargjörðarhelgina. Frank er geðstírnur og að auki blindur en Charlie lætur það ekki á sig fá. Hann reiknaði hins vegar ekki með því að Frank vildi skella sér til New York og sletta þar ærlega úr klaufunum. *Adalhlutverk:* Al Pacino, Chris O'Donnell, James Rebhorn.
15.35 Andrea (e)
16.00 Barnatími Stöðvar 2 (e)
17.15 Neighbours
17.40 Friends (22:24) (e)
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 MVP: Most Valuable Primate. Bráðfjörug fjölskyldumynd. Apinn Jack þekkir fátt annað en lífið á rannsóknarstofu. Fyrir röð tilviljana lendir hann í Kanada og fer að spila íshokki með frábærum árangri! Líðið hans er hársbreidd frá sigri í deildinni en þá skýtur fyrverandi eigandi Jacks upp kollinum og ætlar að taka apann á brott með sér. Þetta er hið versta mál því það er augljóst að líðið verður aldrei meistari á lykilmannsnins, apans Jacks. *Adalhlutverk:* Rick Duggan, Jamie Renée Smith, Kevin Zegers.
21.00 Smallville (12:22)
21.50 The Yards. (*Út af sporinu*) Hörkupennandi glæpamynd um spillingu. Líkt og annars staðar er mikið um útbóð á vegum yfirvalda í Queens. Verktakar sækjast eftir feittum bitum og er öllum brögðum beitt. Skemmdarverk eru ekki ný af nálinni en það hlýtur að koma að því að einhver gangi of langt. *Adalhlutverk:* Mark Wahlberg, Joaquin Phoenix, James Caan, Charlize Theron.

23.40 Death in Granada. (*Daði í Granada*) Myndin er byggð á tveimur verkum rithöfundarins Ian Gibsons um hið þekktu spenska skáld Federico Garcia Lorca sem hvarf með dularfullum hætti í spensku borgarastyrjöldinni 1936. Hér er annars vegar sögð sagan af dauða skáldsins og hins vegar af för blaðamannsins Ricardo Fernandez til Spánar áttán árum síðar til að grafast fyrir um hvernig það atvikaðist að Lorca var ginn. *Adalhlutverk:* Andy Garcia, Edward James Olmos, Esai Morales.
01.30 Scent of a Woman. (*Konuilmur*) Charlie vantar peninga til að þess að geta farið heim til sín í jólafríinu. Hann tekur því að sér að passa Frank Stade, fyrverandi ofursta úr hernum, yfir þakkargjörðarhelgina. Frank er geðstírnur og að auki blindur en Charlie lætur það ekki á sig fá. Hann reiknaði hins vegar ekki með því að Frank vildi skella sér til New York og sletta þar ærlega úr klaufunum. *Adalhlutverk:* Al Pacino, Chris O'Donnell, James Rebhorn.
04.05 Ísland í dag
04.30 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 29. júní

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.40 Biblíusögur
10.30 Barnatími Stöðvar 2
11.00 HM 2002. Bein útsending frá leiknum um 3. sætið.
12.50 Bold and the Beautiful
14.40 The Spying Game (3:4) (e)
15.30 Without Limits. (*Sigurvegarnir Prefontaine*) Steve Prefontaine, ungur og efnilegur hlaupari, var dýrkaður í Bandaríkjunum á áttunda áratugnum. Hann stefndi á sigur á Ólympíuleikunum árið 1976 en tæpu ári fyrir leikana lést



Wesley Snipes á nýjum slóðum

Disappearing Acts, eða Ást á örlagastundu, er einstök ástarsaga um tvær ólíkar manneskjur sem töldu sig ekki vera tilbúnar fyrir ástina. Hún er kennari og efnilegur söngvari en hann er fráskilinn verktaki og tveggja barna faðir. Þrátt fyrir vissu um að ekkert rúm sé fyrir ástarævintýri eru slíkar áætlanir fljótar að breytast þegar rétta manneskjan kemur til sögunnar. Wesley Snipes sýnir hér hversu fjölhæfur leikari hann er og á sannkallaðan leiksigur. Myndin er sýnd á Stöð 2 kl. 20:20 á sunnudagskvöld.

hann í bíslýsi, aðeins 24 ára gamall. *Adalhlutverk:* Billy Crudup, Donald Sutherland, Monica Potter, Jeremy Sisto.
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 The Education of Max
20.20 Disappearing Acts. (*Ást á örlagastundu*) Einstök ástarsaga. Hún er kennari og efnilegur söngvari en hann er fráskilinn verktaki sem á tvö börn. Zora Banks og Franklin Swift hafa engan áhuga á ástarævintýri á þessum tímapunkti í lífi sínu. En daginn sem þau hittast í fyrsta sinn hverfa allar slíkar áætlanir út í bláinn. *Adalhlutverk:* Wesley Snipes, Sanaa Lathan.
22.15 The Spying Game (4:4) (*Njósnir*) Í kalda stríðinu gegndu leyniþjónustur eins og CIA, MI6, KGB og Stasi lykilhlutverki í baráttunni gegn óvininum. En hvað er það sem raunverulega gerðist á bak við fjöldin og hvaða verk jntu leyniþjónustumennirnir af hendi? Í þessum óvenjulega myndaflokki eru öll leynardámin dregin fram í dagsljósið.
23.05 Entrapment. (*Gildran*) Verðmætu listaverki er stolið og böndin berast að gömlum refi í faginu. Ung og falleg kona, sem starfar hjá tryggingafyrirtæki safnsins, villir á sér heimildir og sannfærir roska meistarapjöfinn um að hún sé af sama saubáhúsi og hann. Saman takast þau á við minni verkefni þar til hin tælandi kona fréttir af möguleika á risaráni. Spurningin er hins vegar hver það er sem platar hvern og stendur að lokum uppi með fullar hendur fjár. *Adalhlutverk:* Sean Connery, Will Patton, Ving Rhames, Catherine Zeta Jones.

00.55 HM 4-4-2

01.25 Cold Feet 2 (2:6) (e) (*Haltu mér, slepptu mér*) Dramatískir gamanþættir um þrjú pör sem reyna að hanga saman á þessum síðustu og verstu tímum.
02.15 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 28. júní

18.00 Heklusport
18.30 Íþróttir um allan heim
19.30 Gillette-sportpakkinn
20.00 Best. (*Knattspyrnustjarnan George Best*) George Best er einn besti knattspyrnumaður allra tíma. Hann var lykilmáður í hinu fræga liði Manchester United sem varð Evrópu meistari 1968. Í þessari mögnuðu mynd er ævi hans rakin en þrátt fyrir frægðarljómann var lífið George Best afar erfið. Í einkalífinu gekk allt á afturfótunum og áfengisdrykkja var nærri búin að ganga af honum dauðum. *Adalhlutverk:* John Lynch, Ian Bannen, Ian Hart, Patsy Kensit.
21.45 Dead Cold. (*Martröð í óbyggðum*) Bill og Alicia ætla að eyða ánægjustundum í faðmi fjalla. Þau halda úr borginni og koma sér fyrir í fjallakofa. Fjölögla ber okkunnur maður að dýrum og segir fyrir sínar ekki sléttar. Þau bjóða strax fram aðstoð sína en iðrast þess strax. Maðurinn er greinilega ekki sá sem hann segist vera og nærvera hans boðar ekki góð. *Adalhlutverk:* Lysette Anthony,

Sportíð i beinni

Sýn

Miðvikudagur 26. júní kl. 10:45
HM í knattspyrnu: Brasilía – Tyrkland
Fimmtudagur 27. júní kl. 19:00
Íslenski boltinn: KR – Fylkir
Laugardagur 29. júní kl. 10:30
HM í knattspyrnu: Leikið um 3ja sætið
Sunnudagur 30. júní kl. 10:00
HM í knattspyrnu: Úrslitaleikurinn

Stöð 2

Sunnudagur 30. júní kl. 10:00
HM í knattspyrnu: Úrslitaleikurinn



Pétur Kristjánsson og hljómsveit skemmta Á Eyrinni föstudagskvöld og Vagninum á Flateyri laugardagskvöld

Úrslitaleikur HM 2002

Stóra stundin er runnin upp! HM 2002 í Suður-Kóreu og Japan hefur verið taumlaus skemmtun fyrir alla þá sem hafa yndi af knattspyrnu. Umgjörð mótsins hefur verið glæsileg og ljóst að engu verður til sparað í sjálfum úrslitaleiknum á Yokohama leikvanginum í Japan. Um úrslit þessa leiks verður ekkert sagt en hins vegar er óhætt að lofa allt í senn frábærri skemmtun, mikilli dramatík, fagnarlátum og sárum vonbrigðum. Leikurinn er sýndur á Sýn og Stöð 2.



Michael Chapion, Peter Dobson.
23.15 **Casualties.** (Fórnarlömb) Annie Summers er í ómurlegu hjónabandi. Eiginmaðurinn Billy beitir hana bæði líkamlegu og andlegu ofbeldi og líf hennar er samfelld martröð. Hún sér engan tilgang í að leita til lögreglunnar enda er Billy sjálfur lögreglumaður og nýtur mikillar virðingar. Þegar öll sund virðast lokað berst Annie hjálp úr óvæntri átt en afleiðingarnar verða aðrar en hún gerði sér í hugar. **Aðalhlutverk:** Caroline Goodall, Mark Harmon, Michael Beach, Jon Gries.
00.40 **Trees Lounge.** (Hverfiskráin) Tommy gengur ekki allt í baggin. Hann er atvinnulaus, konan farin frá honum og flaskan eini vinur hans. Litrík lýsing á eyndarlífi Tommys og tilraunum hans til að öðlast tilgang með lífinu. **Aðalhlutverk:** Steve Buscemi, Mark Boone Junior, Chloe Sevigny.
02.15 **Dagskrárlok og skjáleikur**
Laugardagur 29. júní

10.30 **HM-spjall**
10.50 **HM 2002.** Bein útsending frá leiknum um 3. sætið.
13.00 **HM-spjall**
13.20 **Íþróttir um allan heim**
14.10 **Gillette-sportpakinn**
14.35 **Saga HM.** (1986 Mexico) Rakin er saga heimsmeistarakeppinnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Mexíkó árið 1986. Allra augu beindust að Argentínumanninum Diego Maradona en í þessari keppi skoraði hann eitt eftirminnilegasta mark í sögu HM.
16.00 **HM 2002.** Útsending frá leiknum um 3. sætið.
18.00 **HM - 4 4 2.** Þorsteinn J. og Snorri Már Skúlason fara yfir atburði dagsins á HM. Við sjáum mörkin og marktækifærin og skoðum umdeild atvik frá öllum hliðum. Einnig fá þeir félagar góða gesti í heimsókn. Þetta er ómissandi þáttur fyrir alla knattspyrnuáhugamenn.
18.30 **HM 2002.** Útsending frá leiknum um 3. sætið.
20.30 **MAD TV.** (MAD-rásin) Geggjáður grínþáttur þar sem allir fá það óþvegið. Heiti þáttarins dregur nafn sitt af samnefndu skopmyndablaði sem notið hefur mikilla vinsældir.
21.30 **Go Now.** (Kveðjustundin) Þetta rómantíska drama fjallar um Nick sem hefur þrjú áhugamál: fótbolta, pöbbinn og félagana. Hann kynnist ungru konu, Karen, og verður ástfanginn af henni. En stuttu eftir að þau byrja að búa saman fellur skuggi á hamingju þeirra þegar Nick greinist með MS-sjúkdóminn og getur því ekki stundað áhugamál sín lengur en Karen stendur við hlið hans eins og klettur. **Aðalhlutverk:** Robert Carlyle, Juliet Aubrey, James Nesbitt.
22.55 **Hnefaleikar.** (Arturo Gatti - Micky Ward) Útsending frá hnefaleikakeppni í Connecticut í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mættust voru veltivigtarkapparnir Arturo Gatti og Micky Ward.
00.55 **Sintown.** (Syndabæli) Erótísk kvikmynd. Stranglega bönnuð börnum.
02.15 **HM - 4 4 2.** Þorsteinn J. og Snorri Már Skúlason fara yfir atburði dagsins á

HM. Við sjáum mörkin og marktækifærin og skoðum umdeild atvik frá öllum hliðum. Einnig fá þeir félagar góða gesti í heimsókn. Þetta er ómissandi þáttur fyrir alla knattspyrnuáhugamenn.
02.45 **Dagskrárlok og skjáleikur**
Sunnudagur 30. júní
10.00 **HM-spjall**
10.50 **HM 2002.** Bein útsending frá úrslitaleik heimsmeistarakeppinnar í knattspyrnu.
13.00 **HM-spjall**
13.50 **Saga HM.** (Italia) Rakin er saga heimsmeistarakeppinnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Í lokþættinum er fylgst með keppninni á Ítalíu árið 1990. Argentínumenn áttu titil að verja en fengu harða mótsþyrnu frá nokkrum Evrópuþjóðum.
15.30 **Heimsfótbolti.**
16.00 **HM 2002.** Útsending frá úrslitaleik heimsmeistarakeppinnar í knattspyrnu.
18.00 **HM - 4 4 2.** Þorsteinn J. og Snorri Már Skúlason fara yfir atburði dagsins á HM. Við sjáum mörkin og marktækifærin og skoðum umdeild atvik frá öllum hliðum. Einnig fá þeir félagar góða gesti í heimsókn. Þetta er ómissandi þáttur fyrir alla knattspyrnuáhugamenn.
18.30 **Views of Golf (26:29)**
19.00 **Golfmót í Bandaríkjunum**
20.00 **Golfstjarnan Ernie Els**
21.00 **Good Son.** (Fyrirmyndarsonur) Óvæntasti spennutryllir síðari ára um strákinn Henry Evans sem býr yfir mörgum leyndarmálum. Frændi hans flytur inn á heimilið og kemst að því sér til mikillar skelfingar að illskan er til í ymsum myndum. **Aðalhlutverk:** Macaulay Culkin, Elijah Wood, Wendy Crewson, David Morse.
22.25 **Wild Side.** (Villt edli) Spennumynd. Fjármálamaðurinn Bruno Buckingham er sannarlega öfundsverður af hlutskipti sínu. Hann er í góðri vinnu og á gullfallega eiginkonu. Samt er Bruno ekki fyllilega sáttur og leitar félagskapar hjá Alex Lee sem er greidd-vikin kona. Framferði Brunos býður hættunni heim og hann er fljótlega kominn á hálan ís. **Aðalhlutverk:** Christopher Walken, Joan Chen, Steven Bauer, Anne Heche.
00.00 **HM - 4 4 2.**
00.30 **HM 2002.** Útsending frá úrslitaleik heimsmeistarakeppinnar í knattspyrnu.
02.30 **Dagskrárlok og skjáleikur**



SKJAREINN
Föstudagur 28. júní

18.00 Muzik.is
18.30 Hjartsláttur(e)
19.00 Hjartsláttur (e)

bb.is
– dagblað á netinu!

Hvað er að ske? Á helginni
28. júní - 1. Júlí



LAND OG SYNIR



Risadansleikir
Á föstudagskvöld 16 ár
Á laugardagskvöld 18 ár

LAND OG SYNIR í fyrsta sinn á Ísafirði í tvö ár (Algjör skyldumæting)

VOTE ALI G

SUNNUNUDDAG KLÓGG

TAX DA PANTY ALI G INDAHOUSE

RAY RESPECT AT CINEMAS EVERYWHERE FROM MARCH 22
SPECIAL ADVANCE PREVIEWS MARCH 21
alighouse.com

15:00 Grillpinnar (e)
15:30 Djúpa laugin (e)
16:30 Jay Leno (e)
17:30 Fólki (e)
18:30 Dateline (e)
19:30 Sledgeh Hammer
20:00 Powerplay. Bandarísk þáttaröð um Brett Parker er flytur aftur til heima-bæjar síns til að stjórna hokkíliði.
21:00 Klassíski klukkutíminn
22:00 Total Recall. Kanadísk spennuþáttaröð um lögreglumenn á átunda áratug 21. aldarinnar CPB rannsakir undarlega eyðileggingu vélmennis
22.50 Profiler (e)
23.40 Tvöfaldur Jay Leno (e)
01.10 Muzik.is

Sunnudagur 30. júní

15:00 Jay Leno (e)
16:00 48 Hours (e)
17:00 Brúðkaupsþátturinn Já (e)
18:00 Providence (e)
19:00 Powerplay (e)
20:00 Ladies Man. Stöðugt er verið að trufla Jimmy og hann heimtar að enginn trufla hann frá 9 til 5. En hann verður ákaflega einmana fyrir viknið.
20.30 Will & Grace
21.0 The Practice. Gagnrýnendur í Bandaríkjunum halda vart vatni yfir þættinum enda hefur "The Practice" fengið sex Emmy-verðlaun, þrjú Golden Globe Verðlaun og Peabody-verðlaunin.
21.45 Dateline(e)
22.30 Survivor IV (e)
23.15 Traders (e)
00.00 Brúðkaupsþátturinn Já (e)
01.20 Muzik.is
02.00 Óstöðvandi tónlist

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurbergi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

kirkja

Ísafjarðarkirkja:
Guðsþjónusta sunnudaginn 30. júní kl. 11:00.

netið

Hver eru upphalds bókamerkin þín á Netinu? Sævar Óskarsson, framkvæmdastjóri Pólsins hf. á Ísafirði svarar:

„Ég byrja daginn alltaf á því að kíkja inn á **bb.is** til að athuga hvort eitthvað skemmtilegt



hafi gerst í mínu nánasta umhverfi. Að því loknu fer ég yfirleitt inn á **mbl.is**, en svo læt ég Netið vera þangað til seinni part dags. Þá á ég það til að skoða heimasíður danskra blaða, til dæmis **extrabladed.dk**. Vinnu minnar vegna skoða ég heimasíður ýmissa birgja, en oftast lýk ég deginum með að kíkja á heimasíðu Bayern Munchen, **fcbayern.de**. Um þessar mundir fer ég líka nokkuð oft inn á **sport1.de** til að fylgjast með gengi minna manna, Þjóðverja, í heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu.“

afmæli



Jörundur Sigtryggsson, Smiðjugötu 7, Ísafirði verður sextugur laugardaginn 29. júní nk. Hann heldur upp á daginn með fjölskyldu sinni.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Þar sem þú ert - þar erum við



PÓSTURINN
www.postur.is

Málefnalegur borgarafundur um snjóflóðahættumat á Ísafirði

Mest öll byggðin í Hnífsdal á snjóflóðahættusvæði

Fjölsóttur borgarafundur var haldinn á sal Menntaskólans á Ísafirði á miðvikudag í síðustu viku. Rætt var um ný-út komið snjóflóðahættumat fyrir Ísafjörð og Hnífsdal og var fundurinn málefnalegur að sögn þeirra sem til hans efndu.

„Mér fannst þetta vera góður fundur, í raun miklu betri en ég gat leyft mér að reikna með. Ég held að umræðan um þennan málaflokk hafi breyst meira á Ísafirði á undanförunum árum en á öðrum stöðum“, segir Magnús Jónsson veðurstofustjóri og annar tveggja sérfræðinga Veðurstofu Íslands sem sóttu fundinn.

„Ég sótti fund um þessi mál á Ísafirði í desember 1995 og þá var umræðan skiljanlega miklu viðkvæmari. Ég átti von á að fundurinn nú yrði mjög tilfinningaþrunginn, en hann reyndist afskaplega málefnalegur og góður. Menn voru ekki að ræða um hvort hættulína ætti að liggja einni húsa-



Frá fundinum í Menntaskólanum á Ísafirði.

röð ofar eða neðar“, segir Magnús.

„Fundargestir voru aðallega að spyrja um það hvaða aðferðir við notuðum við hættumat og hvernig hægt væri að úrskurða svæði hættulegt þar sem aldrei hefði, svo vitað

væri, fallið snjóflóð. Ég útskýrði fyrir mönnum að skráð snjóflóðasaga er mjög stutt og þau sögulegu gögn sem við styðjumst við ná ekki langt aftur í tímann“, segir Magnús. Alls mættu um 130 manns á borgarafundinum sem stóð í um

tvær klukkustundir.

Fjöldi húsa í Holtahverfi á Ísafirði er á skilgreindum hættusvæðum vegna mögulegra snjóflóða og er forgangsmál að auka öryggi á því svæði, samkvæmt niðurstöðum mats á hættu vegna ofanflóða á Ísafirði og í Hnífsdal, sem nú liggur fyrir. Tillögurnar að hættumati vegna ofanflóða á Ísafirði og í Hnífsdal voru unnar af Veðurstofu Íslands á vegum hættumatsnefndar Ísafjarðarbæjar.

Hættumetna svæðinu var skipt í sex meginhluta, sem eru Holtahverfi, Seljalandshverfi, Seljalandshlíð milli Seljalands og Gleidarkjalla, byggð neðan Gleidarkjalla og Hnífsdalur. Í niðurstöðum hættumatsins kemur fram að einhver hús eru á skilgreindu hættusvæði í öllum hverfum sem metin voru bæði á Ísafirði og í Hnífsdal.

Í niðurstöðum kemur einnig fram að nýjasta hverfið, Seljalandshverfi, er neðan stórs dæmigerðs snjóflóðafarvegjar.

„Eftir snjóflóðið niður í Tunguskóg 1994 var uppbyggingu þar hætt og því er hverfið ekki byggt nema að hluta. Áhætta í húsum næst hlíðinni er mikil og mikilvægt er að auka öryggi þar. Það má annaðhvort gera með því að verja svæðið eða yfirgefa hús“, segir í niðurstöðum matsins. Þar kemur einnig fram að talsverðir möguleikar eru taldir á að skipuleggja nýja byggð utan hættusvæða neðan

Seljalandshverfis og Holtahverfis.

Við mat á áhættu vegna ofanflóða eru afmörkuð þrenns konar hættusvæði sem skipt er í A, B og C. Mest áhætta er á hættusvæði C, en þar er svonefnd staðaráhætta talin meiri en 3 af 10.000 á ári. Engar nýbyggingar eru leyfilegar á þeim svæðum nema frístundahús og húsnaði þar sem viðvera er lítil.

Í niðurstöðum greinargerðar með tillögunni segir einnig að staðan neðan svonefnds Gleidarkjalla sé erfið. „Fjöldi húsa er á hættusvæðum þó fá séu á hættusvæði C. Fylgjast þarf náið með svæðinu og rýma hús ef það er talið nauðsynlegt. Einnig er æskilegt að gripid verði til úrræða til þess að verjast aurskriðum og grjóthruni.

Í Hnífsdal er við erfiðan vanda að eiga. Mestöll byggðin er á hættusvæði. Nokkur hús hafa verið keypt af sveitarfélaginu og ekki er búið í þeim að vetrum og sum hafa jafnvel verið flutt. Vegna þessa hefur áhætta á svæðinu minnkað nokkuð,“ segir í niðurstöðunum.

Tillögur hættumatsnefndar liggja frammi í fjórar vikur eftir borgarafundinum og í framhaldi af því verða þær lagðar fyrir umhverfisráðherra til staðfestingar. Innan sex mánaða frá staðfestingu hættumats skal bæjarstjórn gera áætlun um aðgerðir til að tryggja öryggi íbúa.



Magnús Jónsson veðurstofustjóri ræðir við nokkra íbúa á Ísafirði á fundinum.

Guðmundur Einarsson ÍS frá Bolungarvík

Aflahæsti smábáturinn

Guðmundur Einarsson ÍS frá Bolungarvík er enn og aftur aflahæsti smábátur landsins. Árið 2001 kom hann með alls 773 tonn af sjávarfangi að landi. Í maí veiddi Guðmundur, nafni bátsins og skipstjóri, 116 tonn í 23 róðrum. Þetta er

fjórða árið í röð sem Guðmundur er aflahæstur smábátaskipstjóri.

Þegar skoðaðir eru þeir smábátar sem komu með mest verðmæti að landi, gera tíu af tuttugu efstu bátum út frá Vestfjörðum. Hrólfur Einars ÍS veiddi 681 tonn að verðmæti



Bolungarvíkurhöfn.

68,7 milljóna króna. Þá kom Glaður BA næstur með 57,9 milljóna aflaverðmæti.

HVER ÞJÓNAR þínu öryggi?

Það er fátt eins mikilvægt í lífinu og öryggi. Þess vegna áttu rétt á að fá örugga lífshættu og fyrsta flokks þjónustu þegar tryggingarnám þín eru áhers vegar. Komdu eða hafðu samband, við gerum alltaf okkar besta.



TRYGGINGA-MIDSTODIN HF
- þegar mat er rétt!
Hafnarstræti 7 • 400 Ísafjörður
Sími 450 5200 • www.tmh.is

gloria cacharel

Frábær sexý og seiðandi ilmur

Komió og prófió

KONUR & MENN

Hafnarstræti 9-13 í verslanamiðstöðinni Neista. Sími 456 0201

Föt fyrir börn á öllum aldri

D-NEL

LEGGUR OG SKEL
Hafnarstræti 10, Neista
Ljósinn, Skel, sími 456 4070

bb.is

– öflugur fréttu- og upplýsingamiðill!